

Skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Vel heppnuð endurgerð
*Skúli Gunnar Sigfússon hefur fengið þakkir vegfarenda fyrir endurgerð Þingholtsstrætis 2–4.*
allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

30. ágúst 2010 — 202. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




**Djarfar ljósmyndir**
*Ilmur Kristjánsdóttir vekur mikla athygli.*
fólk 26

**Leikglaðir Eyjamenn**
*Leikfélag Vestmannaeyja er hundrað ára og þriðja elsta leikfélag landsins.*
tímamót 14



**Sigrar hjá toppliðunum**
*Breiðablik og ÍBV gefa ekkert eftir í toppbaráttu Pepsi-deildarinnar.*
íþróttir 20 & 22

**veðrið í dag**



**VÍÐA DÁLÍTIL VÆTA** í dag verða suðvestan 3-8 m/s. Dálítil rigning eða súld en þurrt og bjart suðaustan til. Hiti 8-16 stig.
VEÐUR 4

# Skattalækkun örvi bílasölu

**Bílgreinasambandið vill gera eigendum gamalla bíla kleift að afskrifa þá og fá afslátt af innflutningsgjöldum nýs bíls. Leggja til endurgreiðslu virðisaukaskatts á bílaviðgerðum til að hamla gegn svartri vinnu.**

**EFNAHAGSMÁL** Bílgreinasambandið leggur til að tíu ára gamlir bílar verði afskrifaðir og eigendur þeirra fái á móti afslátt af innflutningsgjöldum á nýjum bíl. Sambandið vill sömuleiðis að innflutningsgjöld á nýjum bílum verði lækkuð. Markmiðið er að flýta fyrir endurnýjun bílaflotans og koma markaðnum á hreyfingu á ný eftir gífurlegan samdrátt í bílasölu eftir bankahrun.

Bílgreinasambandið lagði afskriftir á gömlum bílum til við fjármálaráðuneytið snemma árs 2009. Ástæðan var hrun í sölu nýrra bíla. Að mati sambandsins þarf að flytja inn milli 14 og 15 þúsund bíla á ári til að bílaflotinn verði ekki of gamall. Á þessu ári megi hins vegar gera ráð fyrir að einungis um 3.000 nýir bílar verði fluttir inn. Sverrir Viðar Hauksson, formaður Bílgreinasambandsins, segir að þegar meðalaldur bílaflotans hækki jafnmikið og gerst hefur undanfarið þýði það aukinn viðhaldskostnað fyrir eigendur auk þess sem eldri bílar mengi meira og séu óöruggari á vegunum. Sala nýrra bíla dróst saman um 95 prósent á árunum 2007 til 2009.

**Nýskráðir bílar**

| Ár | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | 15.925 | 9.158 | 2.181 | 2.300 |

*Heimild: Umferðarstofa

Fjármálaráðuneytið hefur að sögn Sverris frekar viljað fara þá leið að lækka innflutningsgjöld á bílum en hækka skatta á notkun. „Nú er búið að hækka eldsneytisskattana duglega en enn hafa innflutningsgjöldin ekki verið lækkuð,“ segir Sverrir. Hann segir frumvarp um lækkun innflutningsgjaldanna í smíðum og það fáist vonandi samþykkt á haustþingi og geti tekið gildi 1. janúar.

Bílgreinasambandið leggur einnig til að eigendur bíla geti fengið virðisaukaskatt á viðgerðum endurgreiddan, rétt eins og virðisaukaskattur vegna vinnu við framkvæmdir við íbúðarhús hefur verið endurgreiddur.

Sverrir segir viðgerðir á svörtum markaði hafa aukist mjög mikið undanfarið og nauðsynlegt sé fyrir ríkið að stíga þar inn. „Flestir þessir aðilar eru að sinna vinnu sinni við ófullnægjandi aðstæður og starfsemi þeirra er öll meira og minna óuppgefin til skatts,“ segir Sverrir. „Með því að útfæra hlutina til dæmis á þann veg að uppsafnaðir viðgerðarreikningar þurfi að ná ákveðinni upphæð til þess að möguleiki sé fyrir því að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts, ætti þetta að geta komið sér vel fyrir alla aðila.“

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra vegna málsins. - sv



**Á VIT LIÐINNA TÍMA** Margt var um manninn á markaðsdegi í Árbæjarsafni í gær. Aðsókn að safninu hefur verið með besta móti í veðurblíðunni í sumar að sögn Guðnýjar Gerðar Gunnarsdóttur borgarminjavarðar og hefur fjölskyldufólk sótt safnið í auknum mæli á virkum dögum. Þetta var jafnframt síðasta helgi sumarsins sem dagskrá er í safninu en vetraropnun hefst 1. september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðni Már Harðarson:
## Sunnudagaskólinn á DVD

**FÓLK** Prestarnir Guðni Már Harðarson og Guðmundur Karl Brynjarsson í Lindakirkju hafa unnið að sunnudagaskólaefni ásamt leiklistarnemanum Þorleifi Einarssyni. Afraksturinn er væntanlegur á DVD-mynddisk sem á að koma út í nóvember. Fjöldi reyndra sunnudagaskólakennara hefur lagt þeim lið en í aðalhlutverkum eru persónurnar Hafdís og Klemmi sem lenda í ótrúlegum ævintýrum. „Það hafa um eitt hundrað manns komið að þessu og við erum búin að vera að taka þetta upp í allt sumar,“ segir Guðni Már í samtali við Fréttablaðið. - fb/ sjá síðu 26



GUÐNI MÁR HARÐARSON

Fyrrverandi stjórnarformaður gagnrýnir boðaðar hækkanir hjá Orkuveitunni:
# Farið allt of hratt í hækkanir

**ORKUMÁL** Guðlaugur Gylfi Sverrisson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir gjaldskrárhækkanir fyrirtækisins allt of brattar. Hann telur afborgunarþörf á lánum fyrirtækisins ekki kalla á slíka hækkun. Það gengur þvert á orð sitjandi stjórnarformanns.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir Orkuveituna segja sig frá öllum tilraunum í samfélaginu til að viðhalda stöðugleika. Þar þurfi allir að toga í sömu átt. Hann telur víst að verkalýðshreyfingin muni líta til hækkunarinnar við undirbúning að kjaraviðræðum sem hefjast í haust.



GUÐLAUGUR G. SVERRISSON

Báðir benda þeir Gylfi og Guðlaugur á að gengi krónunnar sé það sem stjórn OR ætti að horfa til við ákvarðanir um rekstur fyrirtækisins. Það hafi hins vegar ekki verið gert. Þó ætti viðsnúningur í rekstri og ástæður hans að gefa stjórn OR vísbendingar um hvað fyrirtækinu er fyrir bestu. Rekstur OR skilaði 5,1 milljarðs króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins. Á fyrsta ársfjórðungi var hins vegar 2,1 milljarðs króna tap á rekstrinum. Í fréttatilkynningu fyrirtækisins segir að helsta ástæða rekstrarbatans sé styrking krónunnar.

Samkeppniseftirlitið mun skoða gjaldskrárhækkanirnar í vikunni. Sérstaklega þá ákvörðun að hækka raforkudreifinguna um 40 prósent. - shá / sjá síðu 4







## SPURNING DAGSINS



*Magnús, er þetta rótgróið félag?*

„Já, og sprotar út um allt. Gróskan leynir sér ekki."

Magnús Gunnarsson er formaður Skógræktarfélags Íslands en það fagnaði 80 ára starfsafmæli í gær. Félagsmenn eru milli sjö og átta þúsund í 61 skógræktarfélagi um allt land.

Fimmtán trúfélög í sameiginlegu átaki gegn kynferðislegu ofbeldi:

# Kynferðisofbeldi ekki liðið

**TRÚFÉLÖG** Samstarfshópur á vegum Þjóðkirkjunnar og annarra kristinna trúfélaga mun hleypa af stokkunum átaki gegn kynferðislegu ofbeldi næstkomandi þriðjudag. Alls taka fimmtán trúfélög þátt í átakinu.

Þetta samkirkjulega átak nær beint og óbeint inn í allar kirkjur og til allra kristinna söfnuða landsins. Kortum og plakötum verður dreift því til áréttingar að kynferðisofbeldi verði aldrei liðið í kristnum söfnuðum. Þar er fjallað um hvar kynferðislegt ofbeldi getur átt sér stað. Kynferðislegt ofbeldi er skilgreint, algengar tilfinningar þeirra sem lenda í kynferðislegu ofbeldi tilgreindar auk þess sem fólki er bent á ýmsar leiðir sem í boði eru fyrir þá sem hafa lent í slíku ofbeldi.

Á sama tíma heldur guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, auk Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, fyrirlestraröð undir yfirskriftinni Kirkjan og kynferðisofbeldi.

Í tilkynningu segir að síðustu daga hafi verið hávær umræða í samfélaginu um kynferðisbrot innan kirkjunnar og að úrræði skorti í kirkjunni til að taka á slíkum málum. Í fimm erindum verður tekist á við birtingarmyndir kynferðisofbeldis og leitað svara. **- shá**



**FRÁ KIRKJUSTEFNU** Fimmtán trúfélög sameinast um átak gegn kynferðislegu ofbeldi og Háskóli Íslands boðar til fyrirlestraraðar um sama efni.

Verðmæti þorskafurða:

# Þorskurinn skilar þriðjungi

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti þorskafurða nam 36,9 milljörðum árið 2009. Heildaraflaverðmæti var 115 milljarðar svo 32 prósent þess liggja í þorskinum.

Á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda segir að aflaverðmætið hafi lækkað um 2,8 prósent að raungildi, þ.e. á föstu verðlagi.

Á árinu 2009 voru veidd 189 þúsund tonn af þorski sem er 38 þúsund tonnum meira en 2008. Aflaverðmætið jókst um 4,7 milljarða sem þýðir 20 prósent raunverðslækkun. **- shá**

Ásakanir um þjóðarmorð:

# Rúanda hótar Ban Ki-moon

**RÚANDA, AP Rúandastjórn hótar því að hætta þátttöku í friðargæslustarfi Sameinuðu þjóðanna, ef stofnunin birtir skýrslu þar sem Rúandaher er sakaður um að hafa framið þjóðarmorð í Kongó á tíunda áratugnum.**

**Í skýrslunni, sem að hluta var lekið til fjölmiðla í síðustu viku, eru hermenn frá Rúanda og uppreisnarsveitir hliðhollar núverandi forseta Kongó sagðar hafa myrt tugi þúsunda hútúa í Kongó, tveimur árum eftir að Rúandaher stöðvaði þjóðarmorð á tútsum í Rúanda árið 1994.** **- gb**

# Smitaði fórnarlamb af lifrarbólgu C

**Tveir handrukkarar hafa verið ákærðir fyrir að svipta ungan mann frelsi sínu og beita hann hrottalegu ofbeldi. Annar þeirra stakk hann meðal annars með blóðugri sprautunál í eyrnasnepilinn og smitaði hann af lifrarbólgu C.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært, fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra, tvo handrukkara fyrir að misþyrma rúmlega tvítugum manni hrottalega. Öðrum handrukkaranum er meðal annars gefið að sök að hafa stungið unga manninn með blóðugri sprautunál og smitað hann af lifrarbólgu C.

Ofbeldismennirnir eru ákærðir fyrir frelsissviptingu, stórfellda líkamsárás, ólögmæta nauðung og tilraun til fjárkúgunar. Þeir héldu unga manninum nauðugum frá klukkan níu að kvöldi sunnudagsins 9. ágúst 2009 til níu morguninn eftir. Auk þess sem þeir beittu hann líkamlegu ofbeldi hótuðu þeir ítrekað að meiða eða lífláta hans nánustu greiddi hann þeim ekki allt að einni milljón króna.

Annar ódæðismannanna er ákærður fyrir að hafa svipt manninn frelsi eftir að hann kom sjálfviljugur heim til hans. Sá fyrrnefndi ógnaði hinum síðarnefnda með hnífi, lét hann setjast á stól, vafði kaðli utan um líkama hans og herti að þannig að hann átti erfitt með andardrátt. Þá barði ofbeldismaðurinn fórnarlambið ítrekað með ryksuguröri í andlitið.

Handrukkarinn veittist enn fremur að fórnarlambinu með spörkum, kýlingum og barefli, og lentu höggin bæði á höfuð og líkama. Þá stappaði hann á unga manninum, hótaði að smita hann af lifrarbólgu, ógnaði honum með blóðugri sprautunál, sem hann stakk síðan í eyrnasnepil hans. Loks skvetti hann tvisvar heitu kertavaxi á fórnarlambið, kastaði af sér þvagi yfir hann, hellti yfir hann áfengi og henti á hann logandi pappír.

Hinn handrukkarinn tók drjúgan þátt í ofbeldinu eftir að ungi maðurinn hafði verið sviptur frelsi sínu, bæði með höggum og spörkum. Þá lagðist hann ofan á manninn, hótaði honum lífláti og jafnframt að beita systur hans og móður hrottalegu ofbeldi og lífláta systurina.

Að misþyrmingunum loknum neyddu handrukkararnir manninn til að þrífa húsnæðið. Þeir létu hann vaska upp og þrífa baðherbergið, auk þess sem annar handrukkaranna neyddi hann til að sleikja salernisskálina.

Afleiðingar árásarinnar urðu meðal annars þær að ungi maðurinn smitaðist af lifrarbólgu C og hlaut miklar bólgur, mar og eymsli á höfði og líkama, auk skurðsára á hálsi, að því er fram kemur í ákæru. Hann krefst ríflega fjögurra milljóna í skaðabætur. **jss@frettabladid.is**



**BLÓÐSMITUN** Lifrarbólga C smitast með blóðsmitun. Aðalsmitleiðin er við notkun sprautufíkla á óhreinum nálum og sprautum, að því er fram kemur á vef landlæknisembættisins.

### Hvað er lifrarbólga C?

Lifrarbólga C er bólgusjúkdómur í lifur af völdum veiru sem kölluð er lifrarbólguveira C. Hún smitast aðallega við blóðblöndun, þegar sýkt blóð berst frá einum eintaklingi til annars. Flestir sem sýkjast af veirunni fá langvinna lifrarbólgu.

Lyfjameðferð við þessum sjúkdómi kemur aðeins hluta sjúklinga að gagni. Aukaverkanir eru algengar og meðferðin tekur marga mánuði.



**NEYÐIN ER BRÝN** Gamall maður með búslóð sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reynt að reisa nýjar stíflur:

# Fjölmenn borg á kafi í vatni

**PAKISTAN, AP Nærri allir íbúar í Sujawal, 250 þúsund manna borg í sunnanverðu Pakistan, flúðu borgina í gær vegna flóðanna, sem vikum saman hafa valdið ómældu tjóni og þjáningum í landinu.**

**Flóðið kaffærði borgina í gær, tveimur dögum eftir að stífla brast á Indusfljóti sem til þessa hafði varið borgina.**

**Á vegum stjórnvalda var reynt að reisa nýjar stíflur úr grjóti og leir til að koma í veg fyrir að íbúar borgarinnar Thatta þurfi einnig að hrekjast að heiman, en þar búa 350 þúsund manns.**

**Meira en átta milljón manns eru í brýnni þörf fyrir aðstoð.** **- gb**

Rannsókn morðmálsins:

# Ekki yfirheyrður um helgina

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn, sem handtekinn var í síðustu viku grunaður um að hafa orðið Hannesi Þór Helgasyni að bana, er enn í gæsluvarðhaldi og einangrun.

Engar yfirheyrslur voru yfir honum um helgina. Hann var handtekinn á fimmtudag og féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á fjögurra vikna gæsluvarðhald. Þeim úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar, en maðurinn hafði fyrir helgi staðfastlega neitað allri sök í málinu. **- gb**



**VEITT Í ELLIÐAÁNUM** Veiðiperlan innan borgarmarkanna hefur lengi verið undir merkjum Stangveiðifélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stangveiðifélag Reykjavíkur:

# Yfir 4.000 félagar í fyrsta skipti

**VEIÐI** Félagsmenn Stangveiðifélags Reykjavíkur eru orðnir 4.000 talsins. Á föstudaginn gerðist sá merkisatburður að úthlutað var félagsnúmeri 4.000 í félaginu, eins og segir á vef svfr. Aldrei hafa félagsmenn verið fleiri.

Síðustu tvo mánuði hefur á sjötta tug félaga gengið til liðs við félagið og þykir það mikið yfir sumarmánuðina.

Af þessum félagafjölda eru um tíu prósent börn og unglingar undir 18 ára aldri. Telja forsvarsmenn SVFR það til merkis um að grasrótarstarf félagsins sé að skila verulegum ávinningi. **- shá**






Eldfjall á Indónesíu rumskar eftir að hafa legið í dvala í fjögur hundruð ár:

# Þúsundir manna flúðu

**INDÓNESÍA, AP** Allt að tíu þúsund manns forðuðu sér að heiman þegar fjallið Sinabung á norðanverðri Súmötru tók upp á því að gjósa í fyrrinótt, eftir að hafa ekkert bært á sér í rúmlega fjórar aldir.

Að sögn eldfjallafræðingsins Surono, sem eins og fleiri landar hans ber aðeins eitt nafn, hófust skjálftar í fjallinu fyrir nokkrum dögum. Íbúar vöknuðu síðan við það í gærmorgun að gos var hafið.

Aska þeyttist allt að einn og hálfan kílómetra í loft upp, en hraun streymdi aðeins rétt í kringum gíginn. Gosið olli engum teljandi skaða og hafði að mestu lognast út af síðar um daginn.

Surono segir fjallið síðast hafa bært á sér árið 1600. Fræðimenn hafa þó afar takmarkaðar heimildir um það hvernig fjallið hefur hagað sér í fyrri gosum, þannig að grannt er fylgst með því áfram.

Byrjað var að flytja fólk úr húsum í hlíðum fjallsins strax á föstudag. Fólkið hefst við í opinberum byggingum, bænahúsum og fleiri byggingum í tveimur borgum skammt frá. **- gb**



**ELDFJALLIÐ VAKNAÐ** Gosið reyndist ekki mjög stórt og lognaðist smám saman út af. NORDICPHOTOS/AFP


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Frábærar viðtökur!
Leikhúskort Þjóðleikhússins rjúka út. Glæsilegt leikár framundan!
AÐ VERA EÐA EKKI VERA
MEÐ LEIKHÚSKORT ... það er enginn efi
Óbreytt verð á leikhúskortum þriðja árið í röð!
Fjórir leikhúsmiðar sem þú ræður hvernig þú nýtir á leikárinu.
Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.
Miðasalan í fullum gangi
Komdu til okkar í miðasöluna á Hverfisgötunni, hringdu í síma 551 1200
eða kíktu á leikhusid.is
BAKHJARL ÞJÓÐLEIKHÚSSINS
Þú getur sótt kynningarbækling leikársins á leikhusid.is

## GENGIÐ 27.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,20 | 120,78 |
| Sterlingspund | 186,46 | 187,36 |
| Evra | 152,82 | 153,68 |
| Dönsk króna | 20,516 | 20,636 |
| Norsk króna | 19,106 | 19,218 |
| Sænsk króna | 16,263 | 16,359 |
| Japanskt jen | 1,4197 | 1,4281 |
| SDR | 181,52 | 182,60 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,0143

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður á fimmtugsaldri dæmdur í fjögurra ára fangelsi:

# Misnotaði fötluð frændsystkin sín

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir gróf kynferðisbrot gegn andlega fötluðum bróðurbörnum sínum, dreng og stúlku. Hann var dæmdur til að greiða stúlkunni 1,5 milljónir króna í miskabætur og drengnum eina milljón króna. Þá var hann sakfelldur fyrir vörslu á miklu magni af barnaklámsmyndum, sem sýndu gróft ofbeldi gegn börnum. Það var Héraðsdómur Norðurlands eystra sem kvað dóminn upp.

Maðurinn bjó í kjallaraíbúð en faðir barnanna á tveim efri hæðum.



**HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS EYSTRA** Börnin urðu fyrir verulegri tilfinningaröskun og andlegum þjáningum að því er kemur fram í dóminum.

Þar komst maðurinn í tæri við systkinin er þau dvöldu hjá föður sínum.

Hann harðneitaði sök bæði við þingfestingu og fyrir dómi.

Við meðferð málsins bar stúlkan að maðurinn hefði meðal annars farið með þau systkinin í ökuferðir í hvítum húsbíl og þá brotið á grófasta hátt gegn þeim báðum.

Dómurinn sagði athæfi mannins til þess fallið að auka enn á vanda barnanna í lífinu.

Faðir barnanna tveggja var einnig ákærður fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni en sýknaður. **- jss**

Skútudalur gefur eftir:

# Bora bráðum í Skarðsdal

**IÐNAÐUR** Fljótlega hefst borun vinnsluholu hitaveitu í Skarðsdal við Siglufjörð á vegum RARIK.

Fram kemur á vef RARIK að jarðhitasvæðið í Skútudal hafi gefið nokkuð eftir að undanförnu og uppfylli ekki lengur þörfina fyrir heitt vatn á Siglufirði.

Í byrjun ágúst voru boraðar tvær 70 metra djúpar hitastigulsholur í Skarðdal í Siglufirði. Sú tilraunaborun er sögð hafa gefið góða raun og væntingar um nægt vatn til að fylla upp í þann skort sem orðið hefur vart. **- óká**



**LEITAÐ TIL LÆKNIS** Viðtöl hjá læknum voru tæplega 669 þúsund í fyrra.

Álag hjá heilsugæslunni:

# Skráð viðtöl 2,1 á hvern íbúa

**HEILBRIGÐISMÁL Skráð viðtöl, vitjanir, símtöl og önnur samskipti á heilsugæslustöðvum landsins voru ríflega 2,5 milljónir árið 2009. Að símtölum frádregnum voru þau 5,8 á hvern íbúa landsins.**

**Skráð viðtöl hjá læknum á heilsugæslustöðvum árið 2009 voru 668.744, eða 2,1 á hvern íbúa, sem er svipað og árið áður. Viðtölum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra fjölgaði hins vegar töluvert árið 2009 miðað við árið áður, eða úr 219.780 árið 2008 í 299.017 árið 2009. Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins skýrir bólusetning gegn svínainflúensu að miklu leyti þessa aukningu.** **- shá**

## LÖGREGLAN

### Með sjö farþega í bílnum

Sjö farþegar reyndust vera í fólksbíl ungs ökumanns sem lögreglan á Húsavík stöðvaði fyrir hraðakstur. Viðkomandi var sendur heim að lesa umferðarreglurnar.

# Hækkun gjaldskrár kemur í bakið á OR

**Fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar segir enga þörf á því að hækka gjaldskrána um tæp 30 prósent á einu bretti. Forseti ASÍ segir aðgerðina skammsýna og hafa áhrif á kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar í haust.**

**ORKUMÁL** Guðlaugur Gylfi Sverrisson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir ekki þörf á því að fara jafn bratt í hækkanir á gjaldskrá Orkuveitunnar og raun ber vitni. Sýnt hafi verið fram á að mögulegt sé að fara mun hægar í sakirnar til að standa undir skuldbindingum fyrirtækisins til skamms tíma. Mat Guðlaugs gengur þvert á niðurstöðu stjórnar og orð núverandi stjórnarformanns, Haraldar Flosa Tryggvasonar. „Ég vil meina að menn hafi valið hag fyrirtækisins á kostnað neytenda,“ segir Guðlaugur.

Guðlaugur segir það vitað mál að vandræði Orkuveitunnar felist í gengi krónunnar. „Ef gengið skríður saman um 20 prósent myndi eigið fé félagsins batna um 44 milljarða.“ Hann telur að slík styrking krónunnar myndi þurrka rúmlega 50 milljarða af skuldum fyrirtækisins.

Guðlaugur segir að hækkunina, sem tekur gildi 1. október, hafi fráfarandi stjórn ætlað að ná á þremur árum. „Ég vildi líka komast hjá því að greiða arð. 800 milljónir, sem greiddar voru síðast, jafngilda fimm prósent hækkun gjaldskrár.“ Guðlaugur segir Orkuveituna leiðandi á markaði og allar aðrar veitur muni koma á eftir með miklar hækkanir.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, telur það skammsýni hjá stjórn OR að hækka gjaldskrá sína jafn mikið og raun ber vitni. „Þetta mun grafa undan krónunni en á föstudaginn var tilkynnt að rekstrarbati þess að undanförnu sé tilkominn vegna styrkingar krónunnar. Það myndi skipta meira máli fyrir Orkuveituna að koma á trúverðugum stöðugleika en að stunda svona leikfimi.“

### Áhrif á orkureikning heimilis á mánuði

100m² íbúð með fjóra í heimili þar sem heitavatnsnotkun er 495m³ á ári

| | Krónur fyrir | Krónur eftir | Breyting í krónum | Breyting í prósentum |
|---|---|---|---|---|
| Hiti | 4.005 | 5.407 | 1.402 | 35,0% |
| Rafmagn | 4.794 | 5.828 | 1.034 | 21,6% |
| Orka alls | 8.799 | 11.235 | 2.436 | 28,5% |

Orka vegur 2,57% í vísitölu neysluverðs (NVT) Áhrif hækkunarinnar á NVT, að teknu tilliti til markaðshlutdeildar OR, nema 0,39%


**GYLFI ARNBJÖRNSSON**


**GUÐLAUGUR GYLFI SVERRISSON**

OR birti hálfsársuppgjör sitt á sama fundi og ákvörðun var tekin um miklar gjaldskrárhækkanir. Rekstur OR skilaði 5,1 milljarðs króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins. Á fyrsta ársfjórðungi var hins vegar 2,1 milljarðs króna tap á rekstrinum. Í fréttatilkynningu fyrirtækisins segir að helsta ástæða rekstrarbatans sé styrking krónunnar. Skuldir OR eru um 230 milljarðar.

OR tilkynnti um gjaldskrárhækkanir eftir stjórnarfund fyrirtækisins á föstudag sem nema 28,5 prósentum á meðalnotanda. Gjald fyrir dreifingu rafmagns hækkar um 40 prósent, rafmagnsverð um 11 prósent og verð á heitu vatni um 35 prósent. **svavar@frettabladid.is**



Séra Hjálmar Jónsson:

# Bað Sigrúnu Pálínu forláts

**KIRKJAN Hjálmar Jónsson, prestur í Dómkirkjunni í Reykjavík, vék að máli Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur í prédikun sinni í gær. Bað Hjálmar hana fyrirgefningar á því að hafa brugðist henni.**


**HJÁLMAR JÓNSSON**

**Eins og altalað er leitaði Sigrún Pálína til séra Hjálmars árið 1996 og sagði Ólaf Skúlason hafa leitað á sig. Hún hefur gagnrýnt Hjálmar og Karl Sigurbjörnsson biskup harkalega fyrir að hafa reynt að þagga málið niður.**

**Séra Hjálmar sagði í gær að hann hefði ekki veitt henni þá hjálp sem hún leitaði að. „Það sem ég gerði var ekki nóg. Fyrir það bið ég hana fyrirgefningar.“** **- shá**

Fleira ætt en hrútspungar:

# Matreiða punga af ýmsu tagi

**SERBÍA, AP** Í matreiðslukeppni, sem haldin er árlega í fjallaþorpinu Ozrem í Serbíu, keppast menn um að matreiða eistu úr ýmsum dýrategundum, svo sem nautum, kameldýrum, villigöltum, strútum og jafnvel kengúrum.

„Nautspungarnir eru bestir, í gúllasi,“ segir Zoltan Levai, sigurvegari keppninnar í fyrra.

Þessi matvara er nefnd „hvít nýru“ á serbnesku, og á sér langa hefð þar í landi. Margir telja hana efla karlmennsku, en ekki þora allir að leggja sér hana til munns.

„Þetta snýst allt um skemmtun, mat og hugrekki,“ segir Ljubomir Erovic, skipuleggjandi keppninnar. **- gb**




## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**MILT UM ALLT LAND** Vikan býður upp á suðlægar áttir með vætu um suðvestanvert landið en annars staðar verður nokkuð bjart og hitinn með ágætum. Suðaustan strekkingur suðvestast á miðviku- og fimmtudag en annars verður veður nokkuð skaplegt.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 17° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 35° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 17° |
| París | 18° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# VIÐ FLYTJUM SAMAN



Starfsfólk EFLU verkfræðistofu er stolt af nýjum höfuðstöðvum sínum að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Starfsstöðvar EFLU á höfuðborgarsvæðinu hafa verið sameinaðar í endurnýjuðu húsnæði sem hljóta mun alþjóðlega viðurkennda BREEAM vottun um vistvæn og heilsusamleg mannvirki.

Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum og efla samfélagið, með alhliða ráðgjöf í verkfræði og tækni. Í nýjum höfuðstöðvum sameinumst við um að treysta enn frekar þjónustu okkar við viðskiptavini.

EFLA varð til árið 2008 við sameiningu verkfræðistofanna Afls, RTS, Línuhönnunar og dótturfélagsins Verkfræðistofu Suðurlands.

EFLA

– ALLT MÖGULEGT




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

EFLA hf. • Höfðabakki 9 • 110 Reykjavík • Sími 412 6000 • www.efla.is

ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND

## KJÖRKASSINN



*Ætti að skipta Reykjavík upp í sjálfbær hverfi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 41,7% |
| NEI | 58,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið fram á launahækkun síðastliðin tvö ár?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Slysum fækkaði nokkuð á milli ára samkvæmt skráningu í Slysaskrá Íslands:

# Karlar slasa sig frekar en konur

**HEILBRIGÐISMÁL** Slysum fækkaði merkjanlega á milli áranna 2008 og 2009, samkvæmt tölum úr Slysaskrá Íslands. Slys voru alls 40.694 árið 2009 en voru tæplega 42 þúsund árið áður. Skráning Slysaskrár er þó ekki nægilega tæmandi til að hægt sé að fullyrða um raunverulega fækkun, að því er segir í nýjasta talnabrunni Landlæknisembættisins. Tölur Vinnueftirlits og Umferðarstofu um fækkun vinnuslysa og umferðarslysa renna þó stoðum undir að það sé raunin.

Heildarfjöldi slasaðra einstaklinga var 34.073. Þar af voru karlar 58 prósent en konur 42 prósent. Fleiri karlmenn lenda frekar í slysum fram að 65 ára aldri. Í efri aldurshópum lenda hins vegar hlutfallslega fleiri konur en karlar í slysum. Þegar litið er á kynjamun innan hvers slysaflokks sést að hlutfallslega fleiri karlar slasast en konur í öllum slysaflokkum nema umferðarslysum, þar er skiptingin jöfn. **- shá**

**Fjöldi slysa eftir tegund, árið 2009**

| Tegund slyss | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Umferðarslys | 10.009 | 24,6% |
| Vinnuslys | 5.211 | 12,8% |
| Heima- og frítímaslys | 16.492 | 40,5% |
| Flugslys | 1 | 0,0% |
| Sjóslys | 61 | 0,1% |
| Íþróttaslys | 4.075 | 10,0% |
| Skólaslys | 2.322 | 5,7% |
| Önnur slys | 2.523 | 6,2% |
| Samtals - | 40.694 | 100,0% |

Virt orðabók selst lítið:

# Sextíu kíló að verða að engu

**BRETLAND, AP** Hin virta ensk-enska orðabók Oxford-háskólans nýtur ekki lengur sömu vinsælda og fyrr, að minnsta kosti ekki í prentútgáfu. Notkunin er smám saman að færast nánast alfarið yfir á netið, svo óvíst þykir hvort næsta útgáfa hennar verði prentuð. Nýjasta útgáfan, sem er í 20 bindum og vegur 60 kíló, hefur selst í 30.000 eintökum síðan hún var gefin út 1989. Áskrifendur netútgáfunnar, sem borga tugi þúsunda fyrir á ári hverju, notfæra sér þjónustuna 24 milljón sinnum á ári. **- gb**




# Umsýsla málefna fatlaðra gagnrýnd

**Ríkisendurskoðun telur að skipulagi og stjórnun í málefnum fatlaðra sé ábótavant. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlaða. Félagsmálaráðherra segir skýrsluna verða tekna til athugunar.**

**FÉLAGSMÁL** Ríkisendurskoðun gagnrýnir hvernig haldið er utan um málefni fatlaðra. Í nýrri skýrslu er meðal annars gagnrýnt að ekki liggi fyrir formlega samþykkt heildarstefna um þennan málaflokk og að fjárveitingar taki ekki mið af reglulegu mati á þörf fyrir þjónustu. Einnig sé eftirliti með þjónustunni ábótavant og því ekki tryggt að jafnræði ríki meðal þjónustuþega.

Svæðisskrifstofur í umboði félags- og tryggingamálaráðuneytisins sjá um að veita þjónustu við fatlaða. Stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar segir skýrsluna áfellisdóm yfir Alþingi og félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

„Ríkisendurskoðun tekur í raun undir það sem við höfum bent stjórnvöldum á í mörg ár,“ segir Gerður A. Árnadóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar. „Eftirlitið með þjónustunni er óviðunandi og árum saman hafa fjárveitingar ekki verið í neinu samræmi við þörfina en þarna er þó einungis um að ræða grunnþjónustu í daglegu lífi, engan lúxus,“ segir Gerður. „Þetta er sérstaklega alvarlegt því þarna er um að ræða einstaklinga sem geta ekki staðið vörð um sín réttindi.“

Áformað er að flytja málaflokkinn alfarið frá ríki til sveitarfélaga í byrjun ársins 2011. Ráðuneytið mun þó bera ábyrgð á yfirstjórn hans og hafa eftirlit með þjónustunni. Ríkisendurskoðun telur ekki liggja fyrir mat á því hvaða ávinningi flutningurinn mun skila og telur það ámælisvert. Félagsmálaráðherra segir flutning málaflokksins yfir til sveitarfélaganna hins vegar skapa tækifæri til leiðréttingar á þeim veikleikum sem kunni að vera á stjórnkerfinu.

„Nýtt stjórnkerfi mun taka við af Svæðisskrifstofunum og ríkið mun leggja umtalsverða fjármuni í að greiða fyrir þeirri yfirfærslu og mæta uppsafnaðri þjónustuþörf,“ segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra. „Þetta mun skila þeim ávinningi að þjónustan flyst nær þeim sem þurfa hennar með.“ Ráðherra segir jafnframt að ráðuneytið muni taka skýrsluna til athugunar.

„Þarna eru gerðar athugasemdir við skipulag þessa málaflokks til áratuga og við munum taka það til vandlegrar athugunar. Á næsta þingi verður lagt fram frumvarp hvernig eftirliti með réttindagæslu fatlaðra einstaklinga og þjónustunni við þá verði hagað. Við vinnum í samvinnu við hagsmunasamtök fatlaðra enda lykilatriði að notendur séu við borðið þegar verið er að skipuleggja þjónustuna.“ **heida@frettabladid.is**



**ENGINN LÚXUS** Landssamtökin þroskahjálp segja fjáframlög ríkis ekki hafa dugað fyrir grunnþjónustu við fatlaða einstaklinga. Ríkisendurskoðun gagnrýnir stjórnun í málefnum fatlaðra í nýrri skýrslu.

> Eftirlitið með þjónustunni er óviðunandi og árum saman hafa fjárveitingar ekki verið í neinu samræmi við þörfina.
>
> **GERÐUR A. ÁRNADÓTTIR**
> FORMAÐUR LANDSSAMTAKA ÞROSKAHJÁLPAR



**Tónlist sem vettvangur vísinda**

**Alþjóðleg málstofa verður haldin í sal Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Rauðagerði 27, 108 Reykjavík, þriðjudaginn 31. ágúst frá kl. 14–17. Fyrirlestrar, spurningar og umræður.**

**Dagskrá**

Welcome: Björn Árnason, Chairman of the Federation of the Icelandic Musicians

Dr. Sarah Baker, Lecturer, Griffith University, Australia: *“Popular Music Heritage”* and *“Musicians at Work”*: An introduction to two research projects on the Icelandic popular music industry

Dr. Gestur Guðmundsson, Professor, University of Iceland: *“Learning processes in rock culture; legitimization of rock as a cultural field”*

Dr. Njörður Sigurjónsson: Assistant Professor, Bifröst University: *“Are you sitting comfortably? – The maestro, the marketer and the rock star”*

Stjórnandi: Dr. Ágúst Einarsson, prófessor og fyrrverandi rektor

**Pallborðsumræður**

Dr. Sarah Baker aðalræðumaður málstofunnar er þekktur rannsakandi í tónlist, einkum dægurtónlist. Hún kemur sérstaklega til Íslands til að kanna íslenskt tónlistarlíf. Sarah hefur birt fjölmargar vísindagreinar og bækur um tónlist og félagsfræði menningar.

*Allir áhugamenn um tónlist og menningu eru hvattir til að mæta.*

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY
HÁSKÓLI ÍSLANDS
ecsb

Enginn Færeyingur verið greindur með CTD-sjúkdóminn á Íslandi:

# Tveir Íslendingar með CTD

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveir Íslendingar hafa verið greindir með CTD-sjúkdóminn á Landspítalanum. Þetta eru nánir ættingjar, og eru lausir við öll einkenni, svo sem mikla þreytu og ýmis óþægindi sem sjúkdómnum fylgja. Fólkið hefur fengið meðferð við sjúkdómnum.

Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir erfða- og sameindadeildar á Landspítalanum, segir að í kjölfar umfjöllunar blaðsins um sjúkdóminn hafi hátt í tvö hundruð manns látið skima sig fyrir sjúkdómnum.

„Það voru fleiri sem gáfu sig fram en engin ástæða var til að rannsaka þá,“ segir hann. Einungis fólk sem er færeyskt í báðar ættir eða með sjúkdómssögu í ættinni eigi að láta skima sig.

Enn hefur enginn Færeyingur verið greindur hér á landi, en sjúkdómurinn herjar mun frekar á Færeyinga en aðrar þjóðir. Þar er nú talið að einn af hverjum 400 sé með sjúkdóminn. Á Íslandi hefur verið talað um að einn sé sýktur af hverjum 10.000 einstaklingum, en það er líklega ofmat, segir Jón Jóhannes. **- kóþ**

**Karnitín í kjöti**

Í nýjasta hefti tímarits Félags lífeindafræðinga segir frá þeirri kenningu að matarvenjur Færeyinga hafi orðið til þess að fólk með sjúkdóminn náði samt að lifa af (og þannig fjölga arfberum hans) í áranna rás. Hefð er fyrir því í Færeyjum að borða kjöt af sauðfé, grindhval og mjólkurvörur, en allt þetta er ríkt af karnitíni, sem heldur sjúkdómnum niðri.



**DR. JÓN JÓHANNES JÓNSSON** Segir hátt í 200 manns hafa látið skima sig fyrir CTD-sjúkdómnum hér á landi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Ef þú vilt geta notið eftirlaunaáranna verður það mikilvægara með hverju árinu að greiða iðgjöld í frjálsa viðbótarlífeyristryggingu svo að þú eigir nægan höfuðstól til að geta látið drauma þína rætast

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER SICHER UNGS
KAMMER
BAYERN

Finanzgruppe

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir danska glæsihótelið sem er í eigu skilanefndar Landsbankans?*

2 *Hvað heitir hljóðverið í Mosfellsbæ sem Sigur Rós hefur rekið um langt skeið?*

3 *Hversu margir námamenn eru fastir í námu í Chile?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Fyrrum formaður skipulagsráðs segir engin mál hafa verið í ólestri hjá sér:

# Skorar á Pál að nefna dæmi

**SKIPULAGSMÁL** Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs, ætti að nefna hvaða mál það eru sem hann hefur erft frá síðasta meirihluta, sem hafa skapað borginni skaðabótaskyldu, segir Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrum formaður skipulagsráðs fyrir Sjálfstæðisflokk.

Páll sagði í blaðinu á föstudag að af hátt í sjötíu málum sem nýr meirihluti hefði erft frá fyrri meirihluta væru nokkur sem virtust þannig vaxin. Páll vildi ekki nefna dæmi um þetta. „Við skildum ekki við nein mál í biðstöðu eða óvissum farvegi. Ég hef hins vegar áhyggjur af því að nú fari að hrannast upp fjöldi mála, þar sem skipulagsráð hefur ekki komið saman nema fjórum sinnum frá kosningum, sem er lakari árangur en ég man eftir hjá borginni,“ segir Júlíus Vífill.



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

Einnig gerir Júlíus athugasemdir við það að Páll segi Besta flokkinn hafa „skýrt umboð“ til breytinga í borginni.

„Besti flokkurinn kynnti aldrei neina stefnu í skipulagsmálum fyrir kosningar og því má velta fyrir sér hvaða umboð þetta ætti að vera. Í þessu viðtali var í fyrsta skipti eitthvað lagt fram um stefnu Páls í skipulagsmálum,“ segir Júlíus Vífill. Þá segir hann að það verði skondið að sjá viðbrögð Samfylkingar við hugmyndum Páls um að hætta við samgöngumiðstöð, sem sé mikið áhugamál þess flokks. **- kóþ**

Spurningaleikur hefst í dag:

# Spurningar úr Fréttablaðinu

**ÚTGÁFA Spurningaleikur Fréttablaðsins og Bylgjunnar hefst í dag og stendur til 18. september. Spurning dagsins verður hjá Ívari og Rúnari á Bylgjunni en svarið við henni er falið í Fréttablaðinu. Helgargetraunin verður birt í helgarblaði Fréttablaðsins en svör við henni eru í blöðum vikunnar.**

**Dregið verður úr réttum lausnum í Reykjavík síðdegis. Í verðlaun eru Malteser og inneign í Eymundsson á virkum dögum en ferðir með Icelandair um helgar.**

Á allra vörum safna:

# Rúmar 33 milljónir komnar

**FÓLK** Landssöfnun stendur nú yfir á vegum samtakanna Á allra vörum til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands. Bein útsending var á föstudag á sérstökum söfnunarþætti á Skjá einum þar sem þjóðþekktir skemmtikraftar lögðu málefninu lið.



GRÓA ÁSGEIRSDÓTTIR

Á föstudagskvöldið höfðu safnast yfir 33 milljónir króna. „Við erum mjög ánægðar með þetta. Þetta er örlítið minna en hefur safnast síðustu tvö ár en símarnir verða opnir út vikuna, lokatölur eiga því eftir að koma í ljós,“ segir Gróa Ásgeirsdóttir, ein aðstandenda söfnunarinnar. **- rat**

Síðan 2007 hefur fjórða hverjum banka verið lokað:

# Dönskum bönkum fækkar úr 159 í 122

**DANMÖRK** Fjármálakreppan hefur heldur betur sett mark sitt á bankastarfsemi í Danmörku. Frá árinu 2007 hefur nærri fjórða hverjum banka í landinu verið lokað.

Frá þessu er skýrt á viðskiptavef danska dagblaðsins Berlingske Tidende. Þar er einnig fullyrt að þessi þróun muni halda áfram og bönkum fækka enn frekar næstu misserin.

Árið 2007 voru 159 bankar starfræktir í Danmörku, en nú eru þeir 122. Þennan tíma hefur því 37 bönkum verið lokað.

Ekki hafa þeir þó allir farið á hausinn. Sumir hafa að vísu orðið gjaldþrota, en öðrum hefur verið lokað af öðrum ástæðum, oftast til að spara í rekstri og þá oft með sameiningu við aðra nálæga banka.




**DANSKUR BANKI** Sumir fóru á hausinn, öðrum var lokað af öðrum ástæðum. NORDICPHOTOS/AFP

Viðskiptavinir eru ekki allir ánægðir með þessa þróun, en fjármálavitringar margir hverjir segja þetta tvímælalaust af hinu góða – bankar hafi verið alltof margir í Danmörku fyrir og löngu kominn tími á að fækka þeim. **- gb**



**SIGURÐUR EINARSSON** Svarar ásökunum með því að benda á aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ásakanirnar sagðar ekki svaraverðar

**Hvorki sérstakur saksóknari né rannsóknarnefnd Alþingis sjá ástæðu til að svara ásökunum Sigurðar Einarssonar, sem birtust hér í blaðinu á laugardag.**

**LÖGREGLUMÁL** „Þessi orð munu á endanum dæma sig sjálf,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, um margvíslegar ásakanir Sigurðar Einarssonar á hendur embættinu í Fréttablaðinu á laugardag.

„Þetta gefur hvorki að efni né formi til ástæðu til neinna viðbragða af hálfu embættisins,“ segir Ólafur.

Sigurður, sem er fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, sakar embætti Ólafs um óskiljanlegan yfirgang og valdníðslu gagnvart sér og öðrum sakborningum.

Ólafur bætir því við að eðli málsins samkvæmt eigi hann ekki gott með að bregðast við ásökunum þeirra, sem embættið er að rannsaka. „Það segir sig sjálft að sá, sem hefur rannsókn máls á hendi, hefur mjög takmarkaða möguleika til að ræða inntak rannsóknarinnar.“

Sigurður sætir, ásamt fleiri fyrrverandi yfirmönnum Kaupþings, rannsókn hjá embættinu vegna gruns um stórfellda markaðsmisnotkun og önnur efnahagsbrot, sem embættið hefur sagt vera „umfangsmikil, kerfisbundin og skipulögð“.

Í viðtalinu á laugardag ber Sigurður einnig rannsóknarnefnd Alþingis ýmsum ásökunum.

Ekki náðist í Pál Hreinsson, sem var formaður rannsóknarnefndar Alþingis, þegar leitað var viðbragða við ásökunum Einars í gær, og Tryggvi Gunnarsson, einn þriggja nefndarmanna, sá enga ástæðu til að tjá sig. Nefndin líti svo á að hún hafi fyrir löngu lokið störfum.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, svarar hins vegar ásökunum Sigurðar í grein hér í blaðinu í dag. Hann segir að Sigurð hljóti að misminna um bréf, sem Jón skrifaði Sigurði vorið 2006. Sigurður var þá formaður nefndar um framtíðarstefnu á fjármálasviði.

Í viðtalinu á laugardag segir Sigurður að Jón hafi í bréfinu neitað að ræða hlutverk Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara.

„Ég segist ekki geta tekið þátt í umræðum og afgreiðslu þessara mála í nefndinni vegna starfa minna í bankanum,“ segir Jón um efni bréfsins. „En alls ekki er mælt gegn því að nefndin fjalli um þessi mál.“ **gudsteinn@frettabladid.is**





Ný vinnubrögð

**Þann 15. ágúst** 2010 tók gildi samkomulag **ASÍ** og **SA** um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Markmið samkomulagsins er að tryggja að allir atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Það er mikilvægt að fyrirtæki sitji við sama borð og fari öll að leikreglum en vinnustaðaskírteinum er m.a. ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum.

Samkomulagið nær í fyrstu til starfsmanna og fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð sem og rekstri gististaða og veitingahúsa. Atvinnurekendum í hlutaðeigandi greinum ber að sjá til þess að starfsmenn þeirra beri vinnustaðaskírteini.

Næstu þrjá mánuði munu eftirlitsfulltrúar veita atvinnurekendum sem samkomulagið nær til leiðbeiningar um innleiðingu vinnustaðaskírteina. SA og ASÍ hvetja atvinnurekendur til að bregðast skjótt við og stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi á íslenskum vinnumarkaði.

Allar nánari upplýsingar á **www.skirteini.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS Alþýðusamband Íslands



ENNEMM / SÍA / NM42107

# Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?
Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbnum.
Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og færð frítt í alla opna og LOKAÐA tíma.
Hot jóga - ***frítt***
Heilsuátak - ***frítt***
Aðhaldsnámskeið - ***frítt***
Tabata - ***frítt***
Afró - ***frítt***
Magadans - ***frítt***
Bollywood - ***frítt***
Les Mills tímar - ***frítt***
Salsa - ***frítt***
Flamenco - ***frítt***
Tæbox - ***frítt***
*o.mfl.*

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug,
vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Baðhúsið - fyrir klárar konur
Vertu velkomin.

Linda Pétursd.

**Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk**



Ljósmyndari Vera Pálsd.

*Komdu strax í klúbbinn, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!*

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515-1900

5.590* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir,
Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.



**FYLGST MEÐ MÓTMÆLUM** Konur í Kasmír fylgjast með mótmælagöngu fyrir utan heimili þeirra í Srinagar, þar sem átök hafa verið tíð undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnuðu verðmerkingar:

## Veitingar safna verr merktar

**VERÐLAG Söfn á höfuðborgarsvæðinu eru vel verðmerkt en kaffisölur þeirra eru það ekki ekki. Þetta kom fram í könnun Neytendastofu nýverið á verðmerkingum hjá 21 safni á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt voru sjö veitingasölur skoðaðar á jafnmörgum söfnum.**

**Einungis Hönnunarsafn Íslands við Garðatorg var ekki með upplýsingar um aðgangseyri til sýnis á safninu.**

**Gerðar eru athugasemdir við verðmerkingar í veitingasölum Árbæjarsafns í Dillonshúsi, hjá Gerðarsafni, kæli Kaffitárs í Þjóðminjasafninu og Súpubarsins í Listasafni Reykjavíkur.**

**Merkingar veitinga voru í lagi í veitingasölunum á Kjarvalsstöðum, í Listasafni Íslands og í Víkinni – Sjóminjasafni Reykjavíkur.** - óká

# Sparnaður sagður bitna á fátækum

**Breska stjórnin gagnrýnd af óháðri þjóðhagsstofnun, sem segir harkaleg sparnaðaráform bitna meira á fátækum en öðrum. Nick Clegg segir stofnunina hlutdræga. Hagvöxtur hefur nú mælst í Bretlandi þrjá ársfjórðunga í röð.**

**BRETLAND** Harkalegur sparnaður á fjárlögum í Bretlandi bitnar illa á fátækum, samkvæmt úttekt IFS, óháðrar þjóðhagsrannsóknastofnunar í Bretlandi. Þetta stangast á við yfirlýsingar bresku stjórnarinnar, sem segist einmitt hafa gætt þess vel að sparnaðurinn muni ekki bitna á fátæklingum.

Samkvæmt IFS valda sparnaðaraðgerðirnar því að þau tíu prósent breskra fjölskyldna, sem fátækastar eru, missa meira en fimm prósent af tekjum sínum. Til samanburðar missa þau tíu prósent fjölskyldna, sem auðugastar eru, einungis um eitt prósent tekna sinna, og er þá miðað við barnlausar fjölskyldur sem ekki þiggja lífeyrisgreiðslur.

George Osborne fjármálaráðherra hefur sagt sparnaðinn, sem ná eigi fram á neyðarfjárlögum ársins, muni koma harðar niður á þeim sem meiri tekjur hafa, en stofnunin segir úttekt sína sýna að því sé þveröfugt farið.

Nick Clegg, leiðtogi Frjálslynda flokksins og aðstoðarforsætisráðherra í stjórn Davids Camerons, leiðtoga Íhaldsflokksins, sakar IFS um hlutdrægni. Þar sé ekki tekið neitt tillit til þess, að stjórnin ætli að ráðast í miklar aðgerðir til að koma fólki af bótum og út á vinnumarkaðinn. Þar náist fram mikill sparnaður um leið og dregið sé úr fátækt.



**DAVID CAMERON OG GEORGE OSBORNE** Forsætisráðherra Bretlands og fjármálaráðherra í stjórn hans. NORDICPHOTOS/AFP

Um þetta er fjallað í breskum fjölmiðlum, meðal annars á vefsíðum dagblaðsins Guardian og ríkisútvarpsins BBC.

Hagvöxtur í Bretlandi mældist 1,2 prósent á öðrum ársfjórðungi, sem er heldur meira en þau 1,1 prósent sem spáð var. Stjórnin þakkar þetta miklum vexti í byggingariðnaði.

Hagvöxtur hefur þá mælst í þrjá ársfjórðunga í röð, en þar á undan hafði mælst samdráttur í bresku efnahagslífi sex ársfjórðunga í röð.

Þessi frétt virðist þó ekki hafa slegið á ótta Breta um að hagvöxturinn minnki á ný þegar sparnaðaraðgerðirnar fara að bitna á fólki og fyrirtækjum síðar á árinu.

Hagfræðingurinn Samuel Tombs segir hagvöxtinn byggðan á mjög veikum grunni, sem ólíklegt er að standi til lengdar.

„Bæði heimili og ríki juku útgjöld sín, heimilin um 0,7 prósent milli fjórðunga og ríkið um 0,3 prósent,“ hefur AP-fréttastofan eftir honum, „en báðir þessir geirar eru afar ólíklegir til að halda áfram þessum vaxtarhraða þegar þrengt verður að í fjármálunum á næstu fjórðungum.“

gudsteinn@frettabladid.is



**HÁTÍÐ Í BÆ** Sannkölluð markaðsstemning á fyrstu Hamraborgarhátíðinni í Kópavogi. MYND/HERMANN H. HERMANNSSON

Hátíð í Kópavogi:

## Hamraborgin iðaði af lífi

**KÓPAVOGUR** Hamraborgarhátíð í Kópavogi var haldin í fyrsta sinn á laugardaginn. Hátíðin var haldin á vegum Kópavogsbæjar í samstarfi við verslanir og fyrirtæki í Hamraborginni.

Verslunareigendur buðu gestum og gangandi upp á veitingar og tónlistaratriði, töframenn brugðu á leik og þekktir Kópavogsbúar fræddu gestu um sögu Hamraborgarinnar. Götunni var breytt í göngugötu og markaðsstjöld sett upp. Þá kynntu íþróttafélög bæjarins vetrarstarf sitt og menningarstofnanir bæjarins voru opnar. - rat

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Hávaði í heimahúsum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þurfti þónokkrum sinnum að hafa afskipti af hávaða í heimahúsum í fyrrinótt þar sem fólk tók ekki tillit til næstu nágranna. Þá var nokkuð um pústra á milli manna í miðbænum, að sögn lögreglumanns sem fréttastofa Vísis talaði við.



Kynnisferðir taka við strætó:

# Aka um 18.000 stundir á ári

**SAMGÖNGUR** Kynnisferðir hafa tekið við akstri strætisvagna í Kópavogi samkvæmt samningi sem gerður var við Strætó bs. Kynnisferðir munu aka leiðir 28, 35 og 36, og hafa keypt til þess fimm strætisvagna og ráðið tólf bílstjóra. Samkvæmt samningnum við Strætó verða eknir um það bil 400 þúsund kílómetrar á ári, eða um 1.100 á dag að því er fram kemur í tilkynningu.

Kynnisferðir hafa rekið flugrútuna, farið dagsferðir með ferðamenn auk hópferðastarfsemi. - bj

Kaupás lokar tveimur matvöruverslunum undir merkjum 11-11 í Reykjavík:

# Fleiri 11-11 verslunum verður lokað

**NEYTENDUR** Kaupás hefur lokað þremur matvöruverslunum 11-11 á höfuðborgarsvæðinu upp á síðkastið; einni við Skipholt og annarri við Kirkjustétt í Grafarholti. Um síðustu áramót lokaði fyrirtækið annarri 11-11 verslun við Skúlagötuna. Verslanir undir merkjum 11-11 eru nú fimm talsins.

„Þessar einingar eru ekki hagkvæmar lengur. Við erum jú með Krónuna og fimm Nóatúns-verslanir, sem eru opnar allan sólarhringinn,“ segir Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri Kaupáss og Norvikur, móðurfélags Kaupáss.

Norvik keypti Kaupás árið 2003. Jón Helgi bendir á að þá hafi verslanirnar verið á bilinu fjörutíu til fimmtíu. Mikið vatn hafi runnið til sjávar á þessum sjö árum, umhverfið breyst og verslunum verið fækkað í takt við það.

Kaupás rekur nú 27 matvöruverslanir. Tólf eru undir merkjum Krónunnar. Verslanir Nóatúns, 11-11 og Kjarvals eru fimmtán, fimm undir hverju merki.

Spurður hvort núverandi verslunum verði fækkað frekar í nánustu framtíð segir Jón Helgi svo verða. „Þeim mun eitthvað fækka.“ - jab




**SJÁÐU GRÆNMETIÐ** Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri Kaupháss, skoðar ananas og melónur með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, fyrrverandi borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KRAÐAK** Ráðherrum finnst nóg um skiltafjöldann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tiltekt í Bretlandi:

# Stjórnin vill fækka skiltum

**BRETLAND, AP Breska stjórnin leggur nú mikla áherslu á að sveitarfélög dragi úr og einfaldi notkun umferðarmerkja, auglýsingaskilta og merkinga hvers konar, sem sögð eru orðin hreinasta kraðak víða í landinu.**

**Eric Pickles, ráðherra málefna sveitarfélaga, og Philip Hammond samgönguráðherra eru samstiga í þessu og hafa sent bréf til sveitarstjórna þess efnis.**

**Enn er þó beðið eftir nánari leiðbeiningum frá stjórnvöldum, sem von er á síðar á árinu.** - gb



**STYKKISHÓLMSLAUG** Hefur verið mjög vinsæl í sumar.

Stykkishólmslaug trekkir að:

# Loka lauginni vegna ásóknar

**STYKKISHÓLMUR** Metaðsókn var í sundlaugina í Stykkishólmi í júlí síðastliðnum samanborið við síðustu ár. Alls komu 13.233 gestir í laugina í júlí síðastliðnum. Á sama tíma í fyrra voru þeir tæplega þrettán þúsund og árið þar á undan voru þeir rétt rúmlega níu þúsund. Þetta kemur fram í Stykkishólmspóstinum.

Þegar aðsóknin í sundlaugina hefur verið hvað mest hefur starfsfólk þurft að hleypa inn í hollum eða loka lauginni í tuttugu mínútur í senn. - kh

## REYKJAVÍK

### Sölutjöld í Hafnarstræti

Hafnarstræti hefur nú verið verið lokað fyrir bílaumferð. Þeir sem reka verslanir í götunni ætla að nýta sér hana með ýmsu móti í september, til dæmis með sölutjöldum. Innkeyrsla fyrir bifreiðar sem þjóna fyrirtækjum í götunni er heimiluð frá Tryggvagötu.

## LOTTÓ

### Einn með allt rétt

Einn heppinn spilari var með allar tölur réttar í lottói laugardagsins og fær hann 25,6 milljónir í sinn hlut. Vinningsmiðinn var seldur í verslun N1 við Borgartún. Sex voru með fjórar tölur réttar auk bónustölunnar og fengu viðkomandi rúmar 60 þúsund krónur hver. Vinningstölurnar voru 21, 25, 31, 35 og 38. Bónustalan var 13.


# FALSAÐ EÐA EKKI FALSAÐ?



## Tollstjóri býður til málstofu um hugverkaréttarbrot

### í sal 8 á Hótel Loftleiðum föstudaginn 3. september frá kl. 9:00-12:00

## DAGSKRÁ

**Opnun málstofu**
*Karen Bragadóttir, forstöðumaður tollasviðs*

**Working with IPR within Danish Customs**
*Trine Kofoed Dancygier, yfirmaður aðgerðahóps um hugverkaréttarbrot, dönsku tollgæslunni*

**The National IPR Center - Enforcement Operations, Current Statistics and Trends**
*Dennis M. Fetting, sérfræðingur, bandarísku tollgæslunni (ICE)*

**Europol and IPR**
*Charlotta Lindgren, sérfræðingur, Europol*

**WCO and IPR: Challenges and Actions**
*Motoyuki Okura, tæknilegur ráðgjafi, Alþjóðatollastofuninni (WCO)*

**IPR: The Icelandic Perspective**
*Lovísa Jónsdóttir, viðskiptalögfræðingur, Árnason Faktor*

**Fundarstjóri:** *Guðbjörn Guðbjörnsson, yfirtollvörður*

Þann 2.-3. september nk. fer fram árleg ráðstefna norrænu tollstjóraembættanna um hugverkaréttarbrot (IPR) á Hótel Loftleiðum. Þetta er í þriðja sinn sem ráðstefna af þessu tagi er haldin og í fyrsta sinn sem hún fer fram á Íslandi.

Auk norrænu tollstjóraembættanna sitja ráðstefnuna fulltrúar frá belgísku og bandarísku tollgæslunni (U.S. Immigration and Customs Enforcement, ICE), Europol og Alþjóðatollastofnuninni (WCO).

Í tilefni af ráðstefnunni býður Tollstjóri til málstofu um hugverkaréttarbrot í sal 8 á Hótel Loftleiðum föstudaginn 3. september frá kl. 9:00-12:00.

**Aðgangur er ókeypis og í fundarhléi verður boðið uppá léttar veitingar.**

Áhugasamir geta nálgast frekari upplýsingar um málstofuna og skráð þátttöku hjá Baldvini Erni Konráðssyni (baldvin.konradsson@tollur.is) fyrir 1. september nk. Takmarkaður sætafjöldi.

TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sigurður Einarsson bætist í hóp þeirra sem líta fram hjá eigin ábyrgð og benda á aðra.

## Afneitun stjórnarformanns

Eftir fáeinar vikur verða tvö heil ár liðin frá falli íslenska bankakerfisins. Hrun íslenska bankakerfisins var afleiðing alþjóðlegrar fjármálakreppu. Sú kreppa dugir þó ekki ein til útskýringar á því hversu illa fór hér á landi þar sem bankakerfið hrundi nánast eins og það lagði sig. Hér koma til viðbótar þættir eins og örsmá mynt og svo gríðarlegur og hraður vöxtur íslenska bankakerfisins sem stundaði viðskipti sín um heim allan en gerði þó alltaf út frá heimahöfninni á Íslandi.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Eftir hrun hefur verið merkilegt að fylgjast með viðbrögðum þeirra sem kalla má persónur og leikendur í íslenska bankahruninu; stjórnmálamanna, forsvarsmanna eftirlitsstofnana og stjórnenda bankanna. Þar bendir hver á annan. Yfirleitt keppast menn við að afneita ábyrgð fyrir sína hönd og síns kerfis. Í besta falli viðurkenna menn að þeir hefðu (hugsanlega) getað gert einhverja hluti öðruvísi en það hafi þeir ekki séð fyrr en eftir á. Meginábyrgðin liggur þó alltaf hjá öðrum en þeim sjálfum.

Viðtalið við Sigurð Einarsson, fyrrum stjórnarformann Kaupþings, sem birtist í Fréttablaðinu á laugardag, er ekki undantekning frá þessu. Afneitun er fyrsta orðið sem kemur upp í hugann við lesturinn. Sigurður leggur allt kapp á að sýna fram á að eftirlitsstofnanir brugðust í aðdraganda hrunsins. Það var þeim að kenna að bankakerfið óx og varð íslenska hagkerfinu ofviða og það var líka eftirlitsstofnunum að kenna að útlán bankanna til tengdra aðila leiddu loks til þess að engin leið var að hætta öðruvísi en að allt hryndi.

Vitanlega eru stjórnvöld þegar allt kemur til alls ábyrg fyrir því sem hægt er að gera innan ramma laga og reglna. Hitt liggur þó í augum uppi að ábyrgð þeirra sem athöfnuðu sig innan meingallaðs regluverks er ekki bara til staðar heldur veruleg. Það verður að gera þá kröfu til stjórnenda fjármálastofnana að ákvarðanir þeirra séu ábyrgar fyrir hönd hluthafa þrátt fyrir að landslög geri óábyrga ákvörðun ekki endilega ólöglega. Ætla verður að Sigurður og fleiri hafi áttað sig á því meðan darraðardansinn stóð að regluverkið hélt ekki og myndi að lokum leiða til falls bankanna.

Enn eru ekki öll kurl komin til grafar um það hvort og þá í hversu miklu umfangi lög voru brotin innan bankanna í aðdraganda bankahrunsins. Skýrsla rannsóknarnefndar bendir til að svo hafi verið og embætti sérstaks saksóknara var sérstaklega til þess stofnað að leita svara við þessari spurningu og sækja til saka þá sem taldir eru hafa brotið af sér.

Sigurður gagnrýnir skýrslu rannsóknarnefndarinnar fyrir að leggja áherslu á hlut bankakerfisins í hruninu fremur en eftirlitsstofnana og stjórnkerfis. Hann hafnar því einnig algerlega að lög hafi verið brotin í Kaupþingi. Það hlýtur að vekja þá spurningu hvort stjórnendur Kaupþings og annarra fallinna banka tóku virkilega allar ákvarðanir í þeirri trú að þær væru réttar fyrir framtíð bankans? Ef svo er þá hljóta þessir sömu menn að hafa verið verulega illa til þess fallnir að gegna þeim störfum sem þeir gegndu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Björn bloggar

Á þessum stað fyrir helgi var vikið að Birni Bjarnasyni og vöngum velt yfir því hvers vegna hann hefði ekki séð ástæðu til að bregðast við grein Þóris Stephensen, sem fjallaði um meint sinnaskipti Björns í Evrópumálum. Áður en dagur rann hafði Björn hins vegar bloggað sitt vanablogg um greinina.



### Ekki sáttur

Efnislega er svar Björns á þessa leið: Grein Þóris er ekki svara verð, af því að þar er því óþverrabragði beitt að rifja upp gömul ummæli sem auglóslega hafa ekki lengur nokkra þýðingu (og Björn man ekki einu sinni eftir). Þar fyrir utan sé þetta aðferð sem notuð var óspart – án árangurs – af Baugsmönnum gegn ráðamönnum meðan á Baugsmálinu stóð. Lúalegt sé að fylgja þeirra fordæmi.



### Seint í rassinn gripið

Hálfur annar mánuður er síðan Alþingi afgreiddi sem lög frumvarp um ráðgefandi stjórnlagaþing. Hlutverk þess er að móta tillögur um það hvernig best sé að endurskoða stjórnarskrá Íslands frá grunni. Undirbúningsnefnd er farin á fullt. Nú heyrast hins vegar skyndilega efasemdaraddir úr ýmsum hornum. Virðulegur lagaprófessor segir enga þörf á nýrri stjórnarskrá. Ungsjallar fullyrða að forsetinn óttist að stjórnarskránni verði kollvarpað. Umræðan um stjórnlagaþing hefur verið hávær og áberandi í bráðum tvö ár. Þessi varnaðarorð hefðu mátt heyrast fyrr.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Aðlögun í boði ESB

Stjórnmál



Gunnar Bragi Sveinsson
þingmaður Framsóknarflokksins

Hörðustu Evrópusinnar hafa undanfarið reynt að telja lesendum Fréttablaðsins trú um að hægt sé að ná samningum við Evrópusambandið um stærstu hagsmunamál Íslands. Þessu er haldið fram þrátt fyrir að stækkunarstjóri Evrópusambandsins hafi gefið þá yfirlýsingu að Íslendingar fái ekki afslátt frá reglum ESB. Orð stækkunarstjórans koma heim og saman við orð evrópskra þingmanna sem heimsótt hafa Ísland á síðustu mánuðum. Ítrekað hefur komið fram að unnt væri að semja um tímabundnar undanþágur frá reglum ESB. Þá kemur það sama fram í svari utanríkisráðuneytisins við spurningum undirritaðs um varanlegar undanþágur frá reglum Evrópusambandsins. Málið virðist byggt á röngum forsendum, eða var þingheimur blekktur?

Dettur virkilega einhverjum í hug að nærri þrjátíu ríki Evrópusambandsins muni laga sig að Íslandi? Evrópusambandið ætlar að setja fjóra milljarða króna í að „kynna“ sjálft sig fyrir Íslendingum ásamt því að kosta ýmis verkefni ásamt breytingum á stofnunum og stjórnsýslu. Mótframlag úr ríkissjóði, sem hefur m.a. orðið að skerða kjör aldraðra og öryrkja, er einn milljarður króna. Dýrasta ímyndarherferð Íslandssögunnar er því að öllu óbreyttu að hefjast. Herferðin mun snúast um að selja Íslendingum laskaða ímynd og hún er hafin. Fjölmiðlum hefur verið boðið til Brussel, hagsmunasamtökum hefur verið boðið og þannig verður áfram haldið. Vinnubrögðin minna mjög á hvernig útrásarvíkingar og spillt viðskiptakerfi keyptu sér ímynd Íslendinga sem svo hrundi haustið 2008.

ESB-þingmaður sem heimsótti Alþingi upplýsti hvernig fjármunum ESB var varið í að snúa ímyndinni í sínu landi. Það var m.a. gert með því að finna út hvar andstaðan var mest og fjármunum varið sérstaklega í að fá þessa hópa til að skipta um skoðun. Það var gert með viðtölum, dreifibréfum, bæklingum og með því að „funda“ með stjórnum samtaka og hópa. Er það með þessum hætti sem „upplýst“ umræða mun fara fram á Íslandi? Verður það þannig að stjórnum félagasamtaka og hagsmunasamtaka, fjölmiðlafólki og embættismönnum, verður boðið á „upplýsingafundi“ þar sem allt er innifalið? Við munum að sjálfsögðu reyna að sjá til þess að umræðan verði eðlileg haldi hún áfram en réttast væri að Alþingi samþykkti lög er banna að tekið sé við fjármunum frá Evrópusambandinu meðan aðlögunarviðræðurnar fara fram. Þeim viðræðum ber hins vegar að hætta nú þegar enda byggðar á röngum forsendum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Furstadæmi bankanna

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Vitnað eftir minni: Jónas Kristjánsson sagði einhvern tímann eitthvað á þá leið að Íslendingar litu ekki á opinber störf sem þjónustu við almenning heldur feng sem viðkomandi hefði komist yfir og þyrfti að gera sér sem mestan mat úr meðan hægt væri og deila með vinum og vandamönnum. Hann sagði líka að það eina sem Íslendingar hefðu við spillingu að athuga væri þegar þeir kæmust ekki í hana sjálfir. Hann hefur sagt ýmislegt.

En óneitanlega rifjast þetta upp við lestur fréttar sem Þorbjörn Þórðarson skrifar á visir.is þann 11. ágúst um launakjör þess fólks sem er í skilanefndum gömlu bankanna. Þar kemur fram að launakostnaður þrotabús Glitnis fyrstu þrjá mánuði þessa árs hafi verið 103 milljónir króna – vegna fimm starfsmanna. Samkvæmt þessu eru meðaltalslaun þessara einstaklinga tuttugu milljónir fyrir þriggja mánaða starf. Hvert þeirra er því með tæplega sjö milljónir á mánuði.

Þetta eru 225 þúsund krónur á dag. Þetta eru 9.000 krónur á tímann allan sólahringinn.

**Feis á þig**

Aftur: Þetta eru 9.000 krónur á tímann allan sólarhringinn. Það er leiðinlegt og hálf lítilmótlegt að vera með hugann við kaup annars fólks – en þessa peninga þarf hins vegar að nota í annað. Hér þarf að byggja upp almennilegt samfélag, með nýjum hugsjónum og nýjum dyggðum. Eins og við munum lýsti forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir því yfir þegar hún tók við starfi að enginn starfsmaður á vegum ríkisins skyldi hafa hærri laun en hún. Gott ef ekki voru sett lög þar um. Þessi laun eru áttfalt hærri en laun hennar.

Stundum finnst manni eins og Jóhanna Sigurðardóttir sé eins og ráðþrota kennari að reyna að eiga við harðsnúinn tossabekk þar sem forhertir krakkar eru staðráðnir í að læra ekkert, þegja aldrei, hlýða engu. Engu er líkara en að smákóngar hruninna furstadæma keppist um að sanna sig með því að sýna sem áþreifanlegast virðingarleysi sitt fyrir þessum þjóðkjörna æðsta ráðamanni stjórnsýslunnar og neiti að skilja að nú er peningavaldið ekki lengur sett æðra stjórnvaldinu. Þannig lýsti einhver forstjóri orkuútrásarfyrirtækis í andaslitrunum, Geysigríns, því yfir á dögunum að nefnd sem forsætisráðherra skipaði nýlega til að fara ofan í saumana á viðskiptum þessa fyrirtækis og Magma væri „umboðslaus“ og fengi ekki að sjá umbeðin gögn. Þú ræður ekki yfir mér. Ég er orðinn fjórtán. Feis á þig.

Skilanefnd Landsbankans sýndi ámóta hortugheit þegar hún þverskallaðist við að losa sig við einn af lykilstarfsmönnum bankans frá útrásartímanum þrátt fyrir tilmæli Fjármálaeftirlitsins en réði hann sem framkvæmdastjóra sinn undir því yfirskini að það væri að undirlagi kröfuhafa. Ekki er vitað hvaða laun sá maður hefur en má telja víst að sú upphæð nái til tunglsins og aftur til baka.

Sjálfum skilanefndarmönnum hefur hins vegar ekki tekist að leyna þeim upphæðum sem úr krananum hafa runnið í þeirra vasa. Frétt á visir.is, 11. ágúst: Verktakagreiðslur fyrstu sex mánuðina til slitanefndar og slitastjórnar Landsbankans nema 189 milljónum króna. Þetta eru fimm manns. Hvert þeirra er með rúmlega sex milljónir króna á mánuði. Hvert þeirra er með 8.400 krónur á tímann allan sólarhringinn.

Þessar skilanefndir og slitastjórnir bankanna eftir hrun eru eins og lítil furstadæmi. Óeðlileg völd hafa safnast á hendur þess fólks sem þar starfar og óljóst er hvaða reglum það hefur starfað eftir þegar það hefur haldið gangandi fyrirtækjum sem virðast ekki hafa rekstrargrundvöll en standa í vegi fyrir því að raunveruleg einkafyrirtæki þrífist.

Of mikið af peningum úr þrotabúum bankanna hefur runnið í vasa þessa fólks. Það hefur ekkert við alla þessa peninga að gera – það eyðir þeim bara í vitleysu og eins og dæmin sanna hefur enginn gott af því að fá of mikið af peningum. Fólk ruglast bara í ríminu. Hins vegar þarf að nota peninga í annað. Það vantar fé í rekstur spítala og það þarf að hækka laun umhyggjustéttanna. Það þarf að setja fé í menningarlíf en ekki bara menningarhús. Það þarf að lána fé í raunverulega atvinnuuppbyggingu, styðja vænleg fyrirtæki sem kunna að fara fetið, og alls ekki þau sem hyggja á útrás, hótelkaup erlendis, skíðaskála- og snekkjukaup.

Verður er verkamaður launa sinna. En lögfræðingar og annað yfirstéttarfólk á ekki sjálft að meta virði sitt.

# Misminni Sigurðar Einarssonar

Þjóðmál



Jón Sigurðsson
seðlabankastjóri á árunum 2003 til 2006

Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður Kaupþings hf., segist í viðtali við Fréttablaðið í laugardaginn 28. ágúst sl. hafa sem formaður nefndar um framtíðarstefnu á fjármálasviði fengið bréf frá mér þar sem ég „leggist alfarið gegn … umræðu“ um hlutverk Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautavara.

Alla getur misminnt – líka mig og Sigurð Einarsson. Í bréfi sem ég skrifaði honum 8. maí 2006 lýsi ég mjög jákvæðri afstöðu til starfs nefndarinnar sem hann stýrði. Ég tek fram að nokkur umræðuefni hennar snerti Seðlabanka Íslands og niðurstöður nefndarinnar muni síðar koma til umfjöllunar í bankanum. Ég segist ekki geta tekið þátt í umræðum og afgreiðslu þessara mála í nefndinni vegna starfa minna í bankanum. En alls ekki er mælt gegn því að nefndin fjalli um þessi mál.

Í bréfinu er vakin athygli á ákvæðum laga um Seðlabankann sem lánveitanda til þrautavara. Ákvæðin voru heimild en ekki skylda og tengdust aðeins lausafjárvanda en ekki eiginfjárvanda. Þá minni ég á það viðhorf að „eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir“.

Vera má að Sigurði Einarssyni hafi ekki fallið þetta síðasta nógu vel í geð. Mér fannst tilefni til að minna sérstaklega á beina ábyrgð eigenda og stjórnenda bankanna. Atburðir sem orðið hafa síðar staðfesta og ítreka þetta sjónarmið rækilega eins og alþjóð veit.





SÓMA SALAT

NÝ SALATLÍNA FRÁ SÓMA SEM BYGGÐ ER Á LANGRI REYNSLU AF SAMLOKUGERÐ




Til hamingju EFLA!

EFLA verkfræðistofa, eitt stærsta ráðgjafafyrirtæki landsins, hefur flutt höfuðstöðvarnar í endurnýjað húsnæði Reita að Höfðabakka 9.

Húsnæði EFLU eru 3800 fermetrar og er fyrsti áfanginn í endurnýjun á húsnæði sem er hluti af vistvænum skrifstofugörðum Reita að Höfðabakka.

Hafðu samband við Reiti og kynntu þér kosti vistvænu skrifstofugarðanna.



Frekari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100 – halldor@reitir.is

www.reitir.is



Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk

REITIR
Fasteignafélag

Fasteignafélagið Reitir er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

**SIGRÚN EDDA BJÖRNSDÓTTIR ER 52 ÁRA Í DAG**

*„Ég minnist þess að hafa verið dramatískt barn sem hugsaði mikið um líf og dauða, en átti þá ósk heitasta að verða fyndin þegar ég yrði stór.“*

***Sigrún Edda Björnsdóttir er leikkona.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. ÁGÚST 1996

## Borgarholtsskóli afhentur

Á þessum degi árið 1996 fengu stjórnendur Borgarholtsskóla húslykla skólans afhenta við formlega athöfn. Það var Eygló Eyjólfsdóttir, skólameistari nýja framhaldsskólans, sem tók við lyklunum en viðstaddir afhendinguna voru meðal annarra menntamálaráðherra, borgarstjóri og bæjarstjóri Mosfellsbæjar en skólanum var fundinn staður við Mosaveg í Grafarvogi. Hönnun skólans var í höndum Arkitektastofu Finns og Hilmars hf. og Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar hf. en tilboð þeirra reyndust hagstæðust.

Alls 400 nemendur hófu nám við skólann um haustið en hann var settur þremur dögum síðar, 2. september, og við skólann var boðið upp á svokallaða fjölmenntabraut sem var ætluð nemendum sem voru óákveðnir um námsbraut sína. Slík braut var nýjung í framhaldsskólakerfinu. Einnig var boðið upp á skipulagt fornám, hefðbundnar bóknámsbrautir og iðnbraut en Borgarholtsskóli átti að verða kjarnaskóli í málm- og bíliðngreinum. Í dag stunda tæplega 1.500 manns nám við skólann, starfsmenn eru 125, þar af 97 kennarar.



## MERKISATBURÐIR

**1874** Þjóðhátíð er haldin í Reykjavík.

**1941** Umsátrið um Leníngrad hefst og stendur yfir í meira en tvö og hálft ár.

**1966** Tvær trillur sigla fram á marsvínavöðu og reka á undan sér upp í landsteinana við Laugarnes. Þrjú marsvínanna eru þar drepin.

**1967** Tvær stórar vöruskemmur Eimskipafélagsins við Borgartún í Reykjavík brenna með þúsund tonnum af vörum.

**2004** Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur til starfa.



†

*Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,*

**Gísli Jónsson**
frá Norðurhjáleigu
Markholti 1, Mosfellsbæ,

verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju fimmtudaginn 2. september klukkan 13.00.

**Eygló Gísladóttir**
**Guðlaug Gísladóttir**
**Gísli Páll Davíðsson**
**Loftur Þór Þórunnarson**
**Grétar Snær Hjartarson**
**Þórunn Gísladóttir**
**Eygló Svava Gunnarsdóttir**
**Þórey Una Þorsteinsdóttir**
**Sigrún R. Guðlaugardóttir**
**og langafabörn.**



†

*Okkar ástkæri*

**Engilbert Guðjónsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 23. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 2. september kl. 13.00.

**Guðjón Engilbertsson**
**Ólafía G. Ársælsdóttir**
**Ársæll Þór Bjarnason**
**Eyþór Guðjónsson**
**Elías Þór Sigfússon**
**Ingólfur Hilmar Guðjónsson**
**Sævar Þór Sigfússon**
**Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir**
**Dóra Ingólfsdóttir**
**Sigfús Þór Elíasson**
**Kamilla Sveinsdóttir**
**Lilja Erlendsdóttir**
**Kjartan Gunnsteinsson**



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Sigríður Pálsdóttir,**
áður til heimilis að Boðahlein 24
í Garðabæ,

lést mánudaginn 16. ágúst í Hrafnistu, Hafnarfirði. Útför hennar fer fram mánudaginn 30. ágúst kl. 15 frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

**Guðjón Tómasson og Þuríður Hanna Gísladóttir**
**Valdimar Tómasson og Guðrún Júlíusdóttir**
**Guðrún Sólborg Tómasdótir og Sigurður Sumarliðason**
**Sigrún Laufey Baldvinsdóttir.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**BARNVÆNAR SÝNINGAR** Skilaboðaskjóðan í uppfærslu Leikfélags Vestmannaeyja en leikfélagið mun setja upp stóra barnasýningu í ár.
MYND/ÚR EINKASAFNI

LEIKFÉLAG VESTMANNAEYJA: FAGNAR 100 ÁRA AFMÆLI

# Eyjamenn sækja leikhúsið vel

Leikfélag Vestmannaeyja var stofnað árið 1910 og er því þriðja elsta starfrækta leikfélagið á landinu. Í tilefni afmælisins eru þrjú verkefni á döfinni á komandi leikári, þar af veglegt barnaleikrit.

„Valið á barnaleikritinu stendur enn yfir, en það er víst að það verður stórt og flott stykki. Barnasýningar eru alltaf vel sóttar í Eyjum og það má segja að leikfélagið hafi alla tíð verið barnvænt,“ segir Sindri Freyr Ragnarsson, formaður Leikfélags Vestmannaeyja.

Leikfélag Vestmannaeyja var formlega stofnað á fundi 22. ágúst 1910 og þeir sem stóðu að því fyrst voru meðal annarra Halldór Gunnlaugsson læknir, Aage L. Petersen símstöðvarstjóri, Árni Gíslason í Stakkagerði og Valdimar Ottesen kaupmaður en fyrsti formaður leikfélagsins var Ágústa Eymundsdóttir sem var jafnframt forstöðukona lvenfélagsins Líknar. Mörg leikrit voru sýnd á fyrstu árum leikfélagsins og oft í samstarfi við kvenfélagið sem var duglegt að setja upp leikrit.

„Leikfélagið í dag er fjölmennt og þótt fólk taki sér stundum smá pásu frá starfinu, flytji eða annað slíkt, kemur það oftar en ekki aftur í leikfélagið,“ segir Sindri. „Við erum afar spennt fyrir komandi leikári og leikstjóri barnasýningarinnar er Eyjamaður sem hefur nýlokið námi í Kvikmyndaskólanum, Haraldur Ari Karlsson, og það eru allir spenntir fyrir því að fá hann í verkið. Ef vel tekst til er svo á döfinni að setja upp sérstakt jólaleikrit í desember.“

Leikfélagið starfrækir einnig götuleikhús sem tekur þátt í alls kyns uppákomum yfir sumartímann þar sem sirkusstemning ríkir, með stultugöngufólki, eldblásara og fleiru til. „Unga fólkið í Eyjum hefur mikinn áhuga á leikstarfinu og mikið af krökkum á aldrinum 10-16 ára eru virkir í félaginu. Áhuginn í bænum er því góður og ekki bara fyrir því að leika og koma á sýningar heldur líka að hanna búninga og slíkt. Við fengum góða konu, lærðan hönnuð, í búningadeildina til okkar í ár en annars eru allir allt í öllu í starfi leikfélagsins, sauma, smíða, leika og hvað sem fellur til, allir hjálpast að.“

Leikfélagið hefur aðstöðu í félagsheimilinu, er með hringsvið, eitt það fyrsta sem áhugaleikfélag fékk á landinu og hefur það komið vel út í ýmsum sýningum, svo sem Pétur Pan sem sett var upp í fyrra. En eru Eyjamenn duglegir að fara í leikhús? „Já, mjög duglegir. Fyrr á þessu ári sýndum við fullkomið brúðkaup og fengum metaðsókn þar sem nánast var uppselt á hverja einustu sýningu. Það verður líka spennandi að sjá hvernig aðsókn verður nú eftir að Landeyjahöfn er komin í notkun, það ætti að vera auðvelt að fara í menningarreisu til Eyja.“

**juliam@frettabladid.is**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar. tengdafaðir, afi og langafi*

**Sigmar Grétar Jónsson**
Núpalind 8, Kópavogi

sem andaðist laugardaginn 21. ágúst á Landspítalanum við Hringbraut verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 30. ágúst kl. 15.00.

**Gróa Sigfúsdóttir**
**Brynhildur Sigmarsdóttir**
**Bragi Sveinsson**
**Halla Sigmarsdóttir**
**Grétar Örn Bragason**
**Eva Hrönn Jónsdóttir**
**Karen Íris Bragadóttir**
**Ingvi Björn Bergmann**
**Íris Blöndal**
**Magnús Magnússon**
**Ingunn Blöndal**
**Leó Kristberg Einarsson**
**Rebekka Blöndal**
**og barnabarnabörn**



†

*Ástkær dóttir mín og systir,*

**Jóhanna Silja Vilhjálmsdóttir**
Hjallabraut 19, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 30. ágúst kl. 15.

**Birna Ósk Eðvarðsdóttir**
**Óskar Jóhann Birnuson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**FYRSTA HÚSGAGNALÍNAN** frá nýja sænska vörumerkinu RVW verður kynnt á hönnunarhátíð í London í næsta mánuði. Meðal hluta í línunni eru sófar hannaðir af Arthur & Jones sem kallast Flight.







Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727
www.nora.is - facebook.com/noraisland

Nóra

weber

Tilboð á Weber Summit S650




Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan

www.weber.is

512 54 01 Auglýsingasími

FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...




„Ég féll alveg fyrir þessu húsi," segir Fríður Gestsdóttir listakona og bendir á að það líkist svolítið turninum á Sjómannaskólanum sem hún horfir á út um stofugluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þetta er hús sem höfðar til barnsins í sjálfri mér

**Listakonan Fríður Gestsdóttir keypti lítið hús á markaði hjá íbúum Sólheima í Grímsnesi. Þar með rættist gamall draumur því hana langaði alltaf í dúkkuhús þegar hún var lítil en eignaðist það aldrei.**

„Þetta er hús sem höfðar til barnsins í sjálfri mér og er líka svo fallegt og verklegt," segir Fríður Gestsdóttir myndlistarkona og sýnir skondið hús sem hún lætur standa á gólfi, nema þegar Fréttablaðsljósmyndari þarf að mynda það. „Ég féll alveg fyrir þessu húsi þegar ég sá það á markaði hjá Sólheimafólki fyrir tíu árum. Kannski af því mig langaði alltaf svo mikið í dúkkuhús þegar ég var lítil en fékk ekki. Þetta komst næst því," bætir hún við hlæjandi.

Ef húsið væri í fullri stærð gæti Fríður aðspurð alveg hugsað sér að búa í því. „Reyndar er enginn gluggi á því," segir hún aðeins hugsi. Út um stofugluggann hjá Fríði blasir Sjómannaskólinn við og húsið líkist svolítið turninum á honum. Á því er bogalöguð hurð sem hægt er að taka úr með smá afli og svo er hægt að taka ofan af turninum og tylla toppnum á aftur. „Barnabarnabörnin hafa stundum fengið að leika sér að því," segir Fríður. Hún kveðst heillast af list barna og þroskaheftra. „Listin hjá þeim er svo einlæg. Þar eru engar reglur og engin höft heldur er allt leyfilegt. Ég held að fullorðnir listamenn öfundi börn af því þau skapa svo óheft. Sumir þeirra reyna að mála barnalega en það verður aldrei eins einlægt."

Sjálf er Fríður að mála og hefur verið með myndir í Gallerí Art 67 á Laugavegi í sumar. Hún er líka ein þeirra sem hafa vinnustofu í Auðbrekkunni í Kópavogi og þar segir hún yfirleitt vera opið hús á aðventunni. „Maður finnur barnið í sjálfum sér með því að skapa, fara í skítagalla og mega þurrka allt í fötin!"

*gun@frettabladid.is*


SUMAR ÚTSALA

Svefn & heilsa ★★★★★

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið gæða- og verðsamanburð

www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900



**SKRIFSTOFUÁHÖLD** þurfa ekki að vera einföld og leiðinleg. Þau geta líka verið skemmtileg eins og þessi risaeðla sem er til þess gerð að fjarlægja hefti. www.jaczagoory.com


www.magadans.is
s.772-2345
September!

Sími
772-2345
Pole Fitness Studio
www.polefitness.is

ROPE YOGA WORKOUT
Skráning er hafin
www.elin.is
námskeið hefjast 30. ágúst
Í boði eru Rope Yoga, TRX og lyftinganámskeið.
Upplýsingar á www.elin.is
og í síma 696 4419
Rope Yoga • elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

Rauðakrosshúsið
Dagskrá vikunnar
Vikan 30. ágúst - 3. sept.

Mánudagur 30. ágúst
▶ Ljósmyndaklúbbur - Lærum eitthvað nýtt í hverri viku, setjum okkur verkefni og skoðum afrakstur í næstu viku. Kl. 13-14
▶ Prjónahópur - Prjónaðu í góðum félagsskap. Kl. 13 -15
▶ Hvað er í boði fyrir félagsmenn VR í vetur? - Hauststarf VR komið á fullt. Fulltrúi VR mætir og kynnir það helsta. Kl. 13-14
▶ Kynning á Félagsvinum- Félagsvinir kvenna og barna af erlendum uppruna hjálpa þeim að opna dyr samfélagsins. Kl. 15-15:30
Þriðjudagur 31. ágúst
▶ Matsveppir í náttúru Íslands - Lærið af sérfræðingi hvar sveppi er að finna, hvernig á að tína þá og hvað á að forðast. Kl. 13 -14:30
▶ Bowen tækni - Kynntu þér tækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan. 20 mín. prufutímar fyrir einstaklinga. Skráning nauðsynleg. Kl.13.30-15.30
▶ Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Skólatöskur og föt, íþróttaföt, skór og ýmislegt fyrir veturinn. Skiptu fötum barnanna í aðrar stærðir og gerðir. Kl.16-18
▸ Gönguhópur Kl. 13 -14 ▸ Vinnum saman (Býflugurnar) Kl. 14 -16
Miðvikudagur 1. september - Opið 9-16
▶ Taktur - Fyrir 16-30 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 -16
▶ Náðu settu marki - Annar hluti af þremur. 30 ára og yngri. Kl. 10 -12
▶ Ayurveda heilsufræði- Lifðu í takt við þína líkamsgerð. Lærðu þitt rétta mataræði, hugarfar og lífssíl samkvæmt Ayurveda fræðunum. Kl. 13 -14
▶ Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur - Skráning nauðsynleg. Kl. 9 -16
▸ Briddsklúbbur Kl. 14 -16 ▸ Tölvuaðstoð Kl. 13:30-15:30
Fimmtudagur 2. september
▶ Taktur - Fyrir 16-30 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 -16
▶ Guinea bissau - Reynsla íslendings af fallegu landi og einu fátækasta ríki heims. Umsjón: Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Afríkufræðingur. Kl. 13 -14
▶ Saumasmiðjan - Breyttu, bættu eða búðu til. Kl. 13-15
▶ Jóga - Viltu prófa? Lærðu léttar æfingar og góða slökun. Kl. 15-16
Föstudagur 3. september
▶ Náðu settu marki - Þú getur gert, átt eða verið það sem þú vilt! Þriðji hluti af þremur sjálfstæðum fyrirlestrum. Umsjón: Ólafur Þór Ólafsson, Phoenix leiðbeinandi og LMI þjálfi. Kl.13-15
▸ Útileikfimi og sjósund í Nauthólsvík - Fyrir alla sem vilja. Umsjón: Heilsuhópur Takts. Kl. 10 ▸ Hláturjóga Kl.15-16
Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið
Borgartúni 25 | Reykjavík | Opið mánudaga til föstudaga kl. 13-16
raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is




Þingholtsstræti 2-4 er í dag sannkölluð götuprýði og ætti vel heppnuð endurgerð hússins að vera öðrum til fyrirmyndar í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Húsið við Þingholtsstræti 2-4 var illa farið þegar Skúli festi kaup á því árið 2007.



Skúli situr á fallegum svölum hússins þar sem útsýni er yfir miðbæinn.

# Hékk saman á lyginni

**Nýlega lauk vel heppnaðri endurgerð á húsinu við Þingholtsstræti 2-4 sem margir þekkja sem skemmtistaðinn Nelly's. Húsið var gert upp í nítjándu aldar stíl og fegrar sannarlega götumynd miðbæjarins.**

Skúli Gunnar Sigfússon, kenndur við Subway, keypti húsið við Þingholtsstræti 2-4 sumarið 2007. „Ég hafði ofurtrú á staðsetningunni," segir hann en það var ein helsta ástæða kaupanna.

Nokkur tími leið þó þar til uppbygging hófst og hlutaðist það til af því að nokkur bið varð eftir öllum leyfum frá Reykjavíkurborg. „Húsið var friðað að einhverju leyti og það tók um ár að fá viðunandi leyfi," útskýrir Skúli.

Þegar loks var hafist handa fékk Skúli hálfgert áfall enda gerði hann sér engan veginn grein fyrir ástandi hússins. „Ég var sjálfur með í því að hreinsa innan úr húsinu og þá kom í ljós að húsið var að megninu til ónýtt. Í raun var stórhættulegt að vera með starfsemi þarna því það hékk saman á lyginni einni," rifjar hann upp og húsið var rifið að mestu leyti. „Hluti þess sem snýr að Bankastræti stendur þó enn þá, þar voru stoðirnar nothæfar. Annars er húsið nýtt og meðal annars var grafinn niður heill kjallari undir húsið í fullri lofthæð, og aukahæð ofan á húsið," segir Skúli. Fyrsta hæð hússins er steypt en afgangurinn er bárujárnsklætt timburhús.

„Það var ekkert til sparað til að gera húsið sem best úr garði en Sigfús Guðnason hafði yfirumsjón með verkinu frá byrjun til enda," segir Skúli. Hann bendir á að miðað hafi verið að því að hafa útlit hússins sem upprunalegast. „Enda var það krafa frá húsafriðunarnefnd og við vorum mjög sátt ir við það."

Endurbygging hússins var mun kostnaðarasamari en upphaflega var búist við og því tók hún lengri tíma en ætlað var. „Við gerðum þetta eins og við höfðum efni á enda byggðum við húsið fyrir eigið fé og tókum engin lán," segir Skúli sem segist þó engar ákúrur hafa fengið fyrir seinagang. „Nágrannar okkar voru mjög þolinmóðir þó reyndar hafi fylgt því nokkur hávaði þegar verið var að dýpka kjallarann," segir hann glaðlega.

Skúli er hamingjusamur með þær viðtökur sem húsið hefur fengið. „Maður hefði aldrei trúað því að eitt svona lítið hús í Reykjavík hefði svona mikil áhrif, fólk stoppar og sýnir þakklæti," segir hann. Starfsemi er komin á fullt í húsinu. Í kjallara og á fyrstu hæð er verslunin IceWear en á haustdögum verður opnað íbúðahótel á efri hæðunum með sex hótelíbúðum.

*solveig@frettabladid.is*



Unnið er að því að fullgera sex hótelíbúðir á efri hæð hússins..

## Helsta starfsemin í húsinu

**1893** Matthías A. Mathiesen rekur skóverslun í húsinu.
**1900** Skóverslun Lárusar G. Lúðvíkssonar. Lárus var fyrstur til að flytja inn skó erlendis frá og selja.
**1929** Pétur Leifsson opnar ljósmyndastofu í húsinu.
**1933** Verslunin Álafoss.
**1993** Veitingastaðurinn Kolagrillið.
**1994** Skemmtistaðurinn De ja vú.
**1996** Skemmtistaðurinn Nashville.
**1997-2006** Nelly's Cafe sem breyttist fljótlega í skemmtistað.

# FASTEIGNIR.IS

35. TBL. 30. ÁGÚST 2010

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ





## Óskum eftir fleiri eignum á söluskrá!

Erum allir mættir aftur eftir sumsrfrí og klárir í slaginn. Bjóðum góða þjónustu og vandaða vinnu hvort sem er verðmöt, aðstoð við kaup eða sölu fasteigna. Hringdu núna og skráðu eign þín í sölu hjá okkur.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti. **Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA


byr fasteignasala
sími 483 5800
**Austurmörk 4, Hveragerði, www.byrfasteign.is**
Soffía Theodórsdóttir , löggiltur fasteignasali.
Freydís Þrastardóttir, löggiltur fasteignasali.

## Hveragerði



**Borgarheiði, Hveragerði**
Snyrtilegt og mikið endurnýjað parhús með 24fm bílskúr. Herbergin eru 3 þ.e. 2 svefnherbergi og eitt herbergi innaf sólstofu.
**Eignin hefur alla tíð fengið gott viðhald og er með fallegum garði.**



**Valsheiði, Hveragerði**
Fallegt 4ra - 5 herbergja einbýlishús með um 50fm innbyggðum bílskúr, 3 herbergi, stofa og sjónvarpshol. Hellulagt bílaplan, verönd fyrir framan og aftan hús, heitur pottur og fullfrágengin lóð. Eignin er staðsett innst í botnlanga með grænu svæði í kring.
**Skipti eru möguleg á ódýrari eign á Höfuðborgarsvæðinu.**



**Valsheiði, Hveragerði**
5 -6 herb. einbýli með um 28fm stórum bílskúr. Sérlega vel skipulögð eign með 4 herb. auk sjónvarpshols. Stofa og eldhús í sama rými. Tvö baðh., annað innaf hjónah. og þar er stórt nuddbaðkar. Að utan vantar upp á frágang á klæðningu, þaki og lóð og eins vantar upp á lokafrágang að innan.
**Skipti eru möguleg á ódýrari eign á Höfuðborgarsvæðinu.**



Húsinu fylgir viðarpallur með heitum potti.

# Vandað hús á einni hæð

**Fasteignamarkaðurinn kynnir vandað einbýlishús á einni hæð að Frjóakri í Garðabæ.**

Húsið er 274,8 fermetrar á einni hæð með innbyggðum 36,3 fermetra bílskúr. Flísar og parkett er á gólfum en því fylgir einnig viðarverönd með heitum potti. Allar innréttingar í húsinu eru sérsmíðaðar úr hnotu og sprautulakkaðar. Granít er á borðum eldhúsinnréttingar og eyju sem og í stórum vaskborðum í baðherbergjum. Gólfhiti er í öllu húsinu en lofthæð er um 3 til 3,2 metrar.

Komið er inn í forstofu með fataskápum. Gestasalerni við forstofu er með glugga og skápum. Þvottaherbergi er innaf holi og er það með góðum innréttingum með vélum í vinnuhæð. Stofur og eldhús eru í einu stóru opnu rými með tveimur útgöngum á verönd.

Í stofum er mjög stór viðarklæddur gasarinn með fjarstýringu. Fjögur stór parketlögð barnaherbergi eru í húsinu sem öll eru með fataskápum. Stór hjónasvítan er flísalögð með miklum fataskápum og útgangi á lóð. Sér baðherbergi er innaf hjónaherbergi með rennihurð á milli.

Sjónvarpsstofa ásamt vinnuaðstöðu er á milli svefngangs og hols með rennihurðum í hvort rými. Stórt baðherbergi með glugga, stórum sturtuklefa og stóru baðkari.

Úr þvottaherbergi er innangengt í flísalagðan bílskúr með góðum gluggum, göngudyrum, miklum hillum og rafmagnsopnari á bílskúrshurð.

Lóð hússins er fullfrágengin með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**

**KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

## Hjallahlíð 11 - 270 Mosfellsbær

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 18:00 til 18:30**






Mjög fallegt 174,6 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Hjallahlíð 11 í Mosfellsbæ. Fallegar og vandaðar innréttingar og gólfefni. Timburverönd og gróinn garður í suður. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, sund, golfvöllinn í Mosfellsbæ ofl. **V. 39,9 m.** 4996

## Hjallahlíð - 270 Mosfellsbær





Falleg og vel skipulögð 94,4 m2 4ra herbergja íbúð á 2 hæð með sérinngangi, **ásamt 27,7 m2 bílskúr** við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og stofu. Við hlið inngangs er köld útigeymsla. Skipti á 2 - 3ja herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu koma til greina **V. 24,5** m. 4992

## Laxatunga 120 - 270 Mosfellsbær



118,1 m2 raðhús á einni hæð með möguleika á bílskýli við Laxatungu 120 í Mosfellsbæ. Húsið er tæplega tilbúið til innréttinga í dag, útveggir eru tilbúnir undir sandsparstl og innveggir eru kominir með tvöföldu gipsi, en eftir er að sparstla og mála. Raflagnaleiðir eru komnar í veggi og búið er að draga í vinnuljós, en aðrar raflagnir ófrágengnar. Gólfhitalagnir eru komnar í steypta plötu.
**V. 23,9 m.** 4997




**Til leigu Gerplustræti – 270 Mosfellsbær**
Glæsileg 106 m2, þriggja herbergja íbúð á efstu hæð í nýju þriggja hæða lyftuhúsi við Gerplu-stræti 27 í Mosfellsbæ. Íbúðinni fylgir stæði í bílakjallara. Íbúðin skiptist í tvö rúmgóð svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi, eldhús með háglans innréttingu og stóra stofu og borðstofu. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni.



**Tröllateigur 24 - 270 Mosfellsbær**
Um er að ræða stóra og bjarta 4ra herbergja, samtals 151,4 fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi af opnum svalagangi og mjög stórum svölum. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu, 3 herbergi, rúmgott eldhús, tvö baðherbergi og þvottahús. Sér geymsla í kjallara og rúmgóð geymsla innaf stæði í góðri bílageymslu. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 29,0 m.** A4995



**Helgaland - 270 Mosfellsbær**
Rúmgott 185 m2 parhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Þetta er eign sem hentar vel stórri fjölskyldu 4-5 herbergi eru í húsinu. Fallegt útsýni!
**V. 34,9 m.** 4834



**Blikahöfði - 270 Mosfellsbær**
Falleg 100,2 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli, **ásamt 27,6 m2 bílskúr** við Blikahöfða 3 í Mosfellsbæ. Falleg eign á vinsælum stað. Mjög stutt er í skóla, leikskóla og sundlaug auk þess sem golfvöllur Mosfellsbæjar er í næsta nágrenni.
**V. 25,9 m.** 4911



**Leirvogstunga - 270 Mosfellsbær**
437 m2 einbýlishúsalóð ásamt steyptri plötu og teikningum af 199,2 m2 einbýlishúsi á einni hæð + ris við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Samkv. fyrirliggjandi teikningum er gert ráð fyrir húsi sem er að mestu á einni hæð.
**V. 9,0 m.** 5331



**Rósarimi - 112 Reykjavík**
Falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með góðum svölum við Rósarima 6 í Grafarvogi. Íbúðin hefur mikið verið endurbætt, eikarparket og náttúrusteinn á gólfi, eldhús með góðum borðkrók og glerveggur skilur að stofu. Rúmgóð stofa og tvö góð svefnherbergi. Áhvílandi eru ca. 20,1 m hjá Íbúðalánasjóði.
**V. 20,9 m.** 3443



**Eskihlíð - 105 Reykjavík**
86,6 m2 4ra herbergja íbúð ásamt 6,2 m2 geymsluskúr við Eskihlíð 13 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, tvö svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur. Einnig fylgir geymsluskúr á lóð auk hlutdeildar í sameiginlegu þvottahús og geymslu í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax!
**V. 19,9 m.** 4919



**Þrastarhöfði - 270 Mosfellsbær**
Falleg 121,6 m2, 4ra herbergja íbúð á annari hæð í 3ja hæða fjölbýli við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðinni fylgir bílastæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sér sér geymsla. Seljandi skoðar skipti á einbýli, rað- eða parhúsi í Mosfellsbæ á verðbilinu 35-45 millj.
**V. 29,9 m.** 4989



**Austurey 2 - Apavatn**
45 m2 sumarbústaður ásamt 9,5 m2 geymsluskúr á 4.700 m2 eignarlóð ásamt annari 4.700 m2 samliggjandi lóð við Austurey 2 við Apavatn í Bláskógarbyggð. Falleg aðkoma er að húsinu, mikil trjárækt er á landinu, en hægt er að skipta því upp í tvö svæði. Þetta er einstakt tækifæri fyrir stóra fjölskyldu að gera sér sælureit í fallegu umhverfi Apavatns.
**V. 18,9 m.** 4993

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479
Opið virka daga frá kl. 9-17



Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.
Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri
Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.
Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður
Halla Unnur Helgadóttir s: 824-5045 Lögg.fast.Sali.
Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.
Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.
Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.
Pétur Jóhannsson Sölum. Snæfellsbæ/nes Sími:893-4718
Þórarinn Friðriksson Sölum. Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

# Höfum ýmsar gerðir eigna á skrá. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

## Eldri borgarar



### Gullsmári 7 - Fyrir eldri borgara
Nýkomin 76 fm 3ja herbergja íbúð á 8. hæð í vinsælu húsi fyrir eldri borgara, ásamt stæði í bílskýli. Yfirbyggðar suðursvalir,glæsilegt útsýni. Á 10 hæð er sameiginl. veislusalur.+ ýmis þjónusta í boði s.s. matur, tómstundir og fl. Smáralind í göngufæri. Öll sameign til fyrirmyndar. Uppl. Ellert. 893-4477

## 4ra herb



### Friggjarbrunnur 34 til 40
Falleg 230 til 255 fm raðhús í byggingu við Friggjarbrunn, Úlfarsfelli. Fjögur hús á frábærum útsýnisstað. Húsin afh. á ýmsum byggingarstigum. Skipti möguleg. Afhending strax. Uppl. Ellert 893-4477 eða Heiðar 693-3356



### Álfaskeið 70 - fæst gegn yfirtöku lána.
Góð 4ra herbegja 92,4 fm íbúð ásamt 23,6 fm bílskúr á 4. hæð. 3 svefnherbergi eru í íbúðinni. Parket á gólfum. Suður svalir. Baðherbergi flísalagt, dúkur á gólfi. Auðveld kaup.Verð 21,8 millj. Uppl. Þórarinn 844-6353.



### Vesturberg - skipti á stærra.
Góð vel skipulög ca 100 fm. íbúð á 2.hæð. Mikið endurn. íbúð á vandaðan hátt, parket og flísar á gólfum. V. 20,7m. Möguleg skipti á raðhúsi eða parhúsi upp að ca 45 millj. Uppl. Ellert 893-4477



### Heiðarhjalli - Frábært útsýni
Nýleg 110 fm sérhæð með frábæru útsýni ásamt 27 fm bílskúr. Stofa, borðstofa útg. á skjólgóðan pall. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Flísalagt bað með kari+sturtu. Þvottahús/búr með hillum. Verð. 33,5 m. Uppl Jón Rafn S: 695-5520



### Langalína - glæsileg staðsettning.
Stórglæsileg 110 fm endaíbúð á 1 hæð i einu glæsilegasta og eftirsóttasta fjölbýlisnu í Sjálandinu í Garðabæ. Einstök staðsetning við sjávarsíðuna. Stæði í bílskýli. Glæsilegt úsýni í vestur, norður í austur. Granít í borðplötur í eldhúsi og baði. Útg. á stóran sólpall. Verð 38,9 m. Uppl. Bárður 896-5221



### Maríubaugur - Grafarholt - Glæsilegt útsýni
Frábær 120 fm, útsýnisíbúð, ásamt 28 fm bílskúr með öllu, við Maríubaug í Grafarholti. Vönduð og skemmtilega skipulögð íbúð. 3 svefnherb., þvottaherb., suðvestur svalir, s.s. glæsileg íbúð með stórkostlegu útsýni yfir Reykjavík og sundin. Verð 31,9 m. Uppl.Heiðar 693-3356.



### Álfheimar - 122 fm á hagst. verð
Skemmtilega hönnuð 122 fm íbúð á 2 hæð, aukaherb. í kjallara. Íbúðin er mikið upprunaleg en gefur mikla möguleika, 3 góð svefnherb. Rúmgóð stofa. Hagstætt verð 21,5 m. Uppl. Bárður 8965221.



### Fellahvarf, glæsileg 4ra herb. í Kópavogi
Glæsileg um 120 fm íbúð á efstu hæð í sérlega vel staðsettu fimm íbúða fjölbýli við Fellahvarf í Kópavogi, með frábæru útsýni yfir Elliðarvatn og Vatnsenda bæinn. Vel skipulögð íbúð með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Stutt í skóla. Verð 29,9 m. Uppl. Heiðar 693-3356



### Leiðhamrar - frábær staðsetning
Glæsilegt sérlega vel staðsett 281 fm einbýli með tvöf. innb. bílskúr. Frábær útsýnisstaður innst í lokaðri götu. Góð stofa og borðstofa hátt til lofts glæsilegt útsýni. Eldhús með vandaðri innréttingu og tækjum. Verönd með heitum potti. Skipti möguleg á minni, ód. eign. Uppl. Ellert 893-4477.

## 5-7 herb/sérhæðir



### Gvendargeisli, 4ra herb. í Grafarholti
Glæsileg og björt nýleg 130 fm 4ra herbergja sérhæð (efsta hæð) + rúmgóðu stæði í 3ja bíla bílskúr, í nýlegu vönduðu þríbýlishúsi á góðum stað í Grafarholti. Sérinngangur, fallegt útsýni. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Verð 29 m. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356

## Sumarhús



### Sumarhús - Asparskógi Hvalfirði
Gæsilegt 86,4 fm heilsárshús á steyptum grunni. 3 svefnherbergi. Stofa með fallegum frönskum gluggum á þrjá vegu. Eldhús m. hvítri háglans innréttingu. Baðherb. m. sturtu og innréttingu, Þrjú svefnherbergi Mjög stór ca 200 fm verönd, heitur pottur. Hitaveita, kalt vatn og rafmagn. Aðeins um 30-40 mín akstur frá Rvk. Uppl. Sigþór 899 9787



### Sumarhús - Svínadal Hvalfirði
Nýlegt heilsárshús við Eyrarvatn.Tvö góð svefnherbergi og rúmgott ca 20fm svefnloft. Baðherb, stofa og eldhús. Gólfefni eru flísar og parket. Hitaveita og heitur pottur. Sstór ca 120 fm verönd. Náttúrulegt kjarr og einstakt útsýni. Ca 30 -40 mín akstur frá RVK. Skipti möguleg. Verð 19.9 m. Uppl. Sigþór 899-9787



### Sumarhús Eskiholt
Vandað 92,5 fm sumarhús á steyptum grunni í landi Eskiholts Borgarbyggð. Þrjú svefnherbergi eru í bústaðnum. Snyrting er með flísum í hólf og gólf, stórum sturtuklefa og aðstöðu fyrir þvottavél og þurrkara. Stofa og eldhús eru í opnu rými. Verð 22 m. Uppl Jón Rafn 695-5520



### Sumarhús Laugarvatn
Sumarhús á 5000 fm eignarlandi í grennd v. Laugarvatn. Stofa og eldhús liggja saman í opnu rými, mikil lofthæð. Tvö svefnherbergi m.kojum. Snyrting og rúmgott svefnloft með plássi fyrir 4-5 einbreiðar dýnur. Verð. 14,9 m. Uppl Jón Rafn 695-5520

## Stærri eignir



### Fróðaþing
Glæsilegt 325 fm einbýlishús á 2 hæðum, þar af bílskúr 45 fm. Húsið er sérlega vel skipulagt og fjölskylduvænt með 5 rúmgóðum svefnherb. Innangengt í flísal. bílskúr m. 2,8 m lofthæð. Rúmgott vel innréttað eldhús m. glæsil. innréttingu og granít á borðum. Allar innréttingar úr rauðeik frá Brúnás. Útg.úr eldhúsi á 80 fm afgirtan sólpall. Uppl. Þórarinn 844-6353



### Álagrandi Raðhús á besta stað í Vesturbænum
Rúmgott 190 fm raðhús. Tvær góðar stofur. Fjögur rúmgóð svefnherb. Skjólsæl suður verönd og gróinn bakgarður. Staðsetning er innst í lokaðri götu, enginn íbúðarbyggð við bakgarðinn. Örstutt í skóla og íþróttasvæði. Uppl. Sigþór 899-9787



### Gvendargeisli - Einbýli á einni hæð
Stórgæsilegt einbýli á einni hæð í lokaðri götu. Rúmgóð stofa m. mikilli lofthæð, fallegt eldhús, fjögur svefnherbergi, góð böð og stórt Þvottahús. Innangengt í bílskúr. Vönduð gólfefni, mjög stór ( ca 130 fm) sólpallur sunnan við húsið. Þægileg eign á einni hæð í rólegri götu. Verð 59,9 m. Uppl. Sigþór 899-9787.



### Borgarholtsbraut - 100% yfirtaka.
Falleg tæpl. 80 fm endaíb. á 2.hæð (efri) á góðum útsýnisstað í Vesturbæ Kópavogs. Saml. inng. m. einni íb. Nýl. standsett bað, suður svalir, frábær leiksvæði í næsta nágr. Áhv. ca 19,5 m. ÍLS. Verð: yfirtaka á láninu. Uppl. Ingólfur 896-5222.




### Raðhús við Laufengi 178, Opið hús í dag frá 18-19
Fallegt 5 herb. 120 fm raðhús. Á neðri hæð er eldhús, stofur og gesta-wc. Uppi eru 4-rúmgóð herbergi. Stór verönd m. skjólgirðingum. Frábær staðsetning. **Opið hús í dag á milli 18:00 og 19:00.** Verð 31,9 m. Uppl. Heiðar 693-3356.



### Rauðarárstígur - uppgerð íbúð.
Uppgerð 78 fm, íbúð á 3ju hæð. Nýl. raf og hitalagnir. 2 svefnherb. m. nýjum gluggum, stofa, rúmgott eldhús m. nýrri innréttingu og tækjum, þaðan er útgengt á litlar svalir bakatil. Endurnýjað baðherbergi. Verð 19,9 m. Uppl Jón Rafn 695-5520



### Suðurhús - Grafarv. Einbýli á einstökum útsýnisstað.
| **Keflavík** | **18** | **6** | **6** | **6** | **19-23** | **24** |
| Valur | 17 | 5 | 7 | 5 | 23-30 | 23 |
| **Grindavík** | **18** | **5** | **4** | **9** | **22-28** | **19** |
| Fylkir | 18 | 5 | 3 | 10 | 31-38 | 18 |
| **Selfoss** | **17** | **4** | **2** | **11** | **24-39** | **14** |
| Haukar | 18 | 2 | 7 | 9 | 24-39 | 13 |

### *Pepsi-deild kvenna:*

Valur-KR 7-0
Kristín Ýr Bjarnadóttir 3, Björk Gunnarsdóttir 2, Dóra María Lárusdóttir, Hallbera Gísladóttir.

Haukar-Afturelding 1-2
Sarah Lyons Jordan - Telma Þrastardóttir, Halldóra Dóra Birgisdóttir.

Breiðablik-Grindavík 4-2
Berglind Þorvaldsdóttir 2, Harpa Þorsteinsdóttir 2 - Sarah McFadden, Elísabet Gunnþórsdóttir.






# Blikar risu á fætur með reisn

**Þeir sem héldu að Blikar væru farnir á taugum þurfa að endurskoða þá skoðun eftir sannfærandi sigur liðsins á Grindavík í gær. Eftir rólegan fyrri hálfleik héldu Blikum engin bönd í þeim síðari.**

**FÓTBOLTI** „Það eru þröskuldar víða og menn hnjóta um þá. Menn verða þá bara að fara upp á lappirnar aftur," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir að hans menn gerðu góða ferð til Grindavíkur og unnu 4-2 útisigur.

Blikar voru í góðum gír og náðu heldur betur að hysja upp um sig buxurnar eftir tapið slæma gegn Haukum í síðustu umferð. „Við vorum að mæta liði sem hefur verið á fínu skriði. Við þurftum að vinna í grunnvinnunni og vinna út frá varnarleiknum, það gerðum við í dag," sagði Ólafur.

Blikar voru mjög varkárir í fyrri hálfleiknum og greinilegt að síðasti leikur var enn í huga manna. Mikið var um feilsendingar og fótboltinn ekki fagur. Grindvíkingar fengu dauðafæri strax á fyrstu mínútu leiksins en eftir það gerðist fátt markvert í langan tíma.

Undir lok fyrri hálfleiksins komust Blikar síðan yfir þegar Olgeir Sigurgeirsson lagði upp mark fyrir Kristin Steindórsson. Snemma í seinni hálfleiknum bætti Guðmundur Kristjánsson við marki þegar hann átti hnitmiðað skot.

Eftir þetta var aldrei spurning hvernig leikurinn færi. Grindvíkingar voru lítið að skapa sér enda án síns hættulegasta sóknarmanns, Gilles Mbang Ondo, en hann tók út leikbann. Óli Baldur Bjarnason tók stöðu Ondo en var hreinlega í engum takti við leikinn og skemmdi frekar fyrir í sóknaraðgerðum Grindavíkur en hitt.



**LOKSINS TAP** Ólafur tapaði sínum fyrsta leik sem þjálfari í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Grænklæddu gestirnir slepptu af sér beislinu og sýndu oft frábæra spilamennsku. Varamaðurinn Andri Rafn Yeoman átti góða innkomu í Blikaliðið, lagði upp mark fyrir Kristin og skoraði svo sjálfur glæsimark þegar hann skaut í slá og inn.

Með 4-0 forystu fóru Blikar að slaka á klónni og Grindvíkingar náðu að laga stöðuna með mörkum frá varamönnunum Gjorgi Manevski og Emil Daða Símonarsyni en það kom of seint. Ólafur Örn Bjarnason fékk því að kynnast þeirri tilfinningu á ný að tapa í búningi Grindavíkur.

„Fyrri hálfleikurinn var skítsæmilegur en leikurinn var aðeins of opinn. Gegn liði eins og Breiðabliki gengur það ekki. Eftir að þeir komust í 2-0 fóru menn að fórna sér of mikið fram og þá refsuðu þeir. Á móti svona góðu liði þá fær maður það í andlitið," sagði Ólafur Örn eftir leik.

„En þetta var bara einn tapleikur. Það eru fleiri leikir eftir."

Kári Ársælsson, fyrirliði Breiðabliks, var kátur eftir leik enda nýbúinn að syngja með stuðningsmönnum liðsins þegar undirritaður greip hann. „Það var mjög mikilvægt að vinna sigur í kvöld eftir það sem gerðist í seinasta leik. Ég hefði viljað klára þennan leik með því að halda hreinu en sigurinn er það sem skiptir máli," sagði Kári.

„Við höfum ekki verið að ná úrslitum í síðustu leikjum og við ákváðum að vera varkárir í byrjun, liggja aðeins aftar og gefa ekki færi á okkur. Það tókst."

Það var farið yfir andlega þáttinn innan leikmannahóps Breiðabliks fyrir leikinn. „Við höfum aðeins verið að vinna með þeim hjá Capacent. Þar hefur Sigurjón hjálpað okkur með þetta andlega og verið að rýna í hugsun okkar varðandi einbeitingu og annað. Það var einbeitingarleysi í tapleiknum gegn Haukum og þurfti að skerpa á ýmsu," sagði Kári.

**elvargeir@frettabladid.is**



**SJÓÐHEITIR Í SEINNI HÁLFLEIK** Blikar léku á alls oddi í síðari hálfleik í gær og röðuðu þá inn mörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### GRINDAVÍK 2-4 BREIÐABLIK

*0-1 Kristinn Steindórsson (45.)*
*0-2 Guðmundur Kristjánsson (50.)*
*0-3 Kristinn Steindórsson (76.)*
*0-4 Andri Rafn Yeoman (79.)*
*1-4 Gjorgi Manevski (87.)*
*2-4 Emil Daði Símonarson (90.)*

Grindavíkuröllur, áhorf.: 969.
Dómari: Valgeir Valgeirsson (4)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–13 (6–9) |
| Varin skot | Óskar 4 – Ingvar 4 |
| Horn | 3–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–12 |
| Rangstöður | 7–3 |

**Grindavík 4-4-2** Óskar Pétursson 5 - Alexander Magnússon 4, Auðun Helgason 5, Ólafur Örn Bjarnason 5, Jósef Kristinn Jósefsson 6 - Scott Ramsay 4 (61., Ray Jónsson 6), Orri Freyr Hjaltalín 6, Jóhann Helgason 5, Hafþór Ægir Vilhjálmsson 6 - Óli Baldur Bjarnason 2 (72., Gjorgi Manevski -), Grétar Ólafur Hjartarson 4 (80., Emil Daði Símonarson -).

**Breiðablik 4-4-2** Ingvar Þór Kale 7 - Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5, Kári Ársælsson 7, Finnur Orri Margeirsson 7 (80., Árni Kristinn Gunnarsson -), Kristinn Jónsson 6 - Olgeir Sigurgeirsson 6 (65., Andri Yeoman 7), ***Guðmundur Kristjánsson 8**, Jökull Elísabetarson 7, Haukur Baldvinsson 7 (77., Guðmundur Pétursson -) - Kristinn Steindórsson 8, Alfreð Finnbogason 6.

KR var engin fyrirstaða fyrir kvennalið Vals:

# Valsstúlkur með aðra hönd á bikarnum

**FÓTBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Vals eru komnir með aðra höndina á Íslandsmeistarabikarinn eftir öruggan 7-0 sigur á KR í dag. Markamaskínan Kristín Ýr Bjarnadóttir fór mikinn í leiknum og skoraði þrennu.

Valur er eftir leikinn með sjö stiga forskot á toppi deildarinnar en hefur reyndar leikið einum leik meira en Breiðablik sem er í öðu sæti.

Þór/KA er síðan átta stigum á eftir Val og getur minnkað þann mun í fimm stig í dag er liðið spilar við FH.

Það eru aðeins þrjár umferðir eftir af Pepsi-deild kvenna og miðað við að Valur hefur aðeins tapað einum leik í sumar verður að teljast ólíklegt að hið reynslumikla Valslið muni misstíga sig mikið á lokasprettinum.

Lokaleikir Vals í mótinu eru gegn Aftureldingu, Grindavík og Breiðablik. **- hbg**



**KÁTAR** Dóra María og Kristín Ýr fagna hér einu af sjö mörkum Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*

KRÆST!

Sleppa kafla 2 og 9




## HP G62-a34
**159.900 kr.**

Örgjörvi: Intel Core i3 350
Harður diskur: 500 GB 7200 rpm
Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768
Skjákort: 1 GB ATI Mobility Radeon HD 5470
Vinnsluminni: 4 GB
Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.

EKKI GLEYMA ÍSL PRÓF 21. 10

döh!!!

# VERTU KLÁR

OK

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.



## HP MS 228 AIO
**139.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon II X2 250u Harður diskur: 500 GB 7200 rpm Skjár: 19" Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár.



## HP GQ62 - a10
**114.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Sempron V120 Harður diskur: 250GB 7200 rpm Skjár: 15.6" HD LED Brightview (1366x768) Skjástýring: ATI Mobility Radeon™ HD 4250 Vinnsluminni: 3 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.



## HP Mini 210
**89.900 kr.**

Örgjörvi: Intel® Atom™ Processor N450 Harður diskur: 250GB 7200 rpm Skjár: 10,1" WSVGA LED (1024x600) Skjástýring: Intel® Graphics Media Accelerator 3150 Vinnsluminni: 1 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.



## Office 2010
**19.900 kr.**

Office pakkinn inniheldur Word 2010, Excel 2010, PowerPoint 2010, OneNote 2010 og leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.



## HP PHOTOSMART All-In-One
**18.900 kr.**

Fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.



OK búðin

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18 / lau. kl. 11 - 15

PARTY HJÁ BEBBU

kl: 9⁰⁰

5701140

VERT - 14085

* Skv. Gartner.

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik / Sími 570 1140 / www.okbudin.is



**FRÁBÆR ENDURKOMA** Eyjamenn fagna hér jöfnunarmarki Þórarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍBV kom til baka í Árbænum eftir að hafa lent manni og marki undir í leiknum:

# Sanngjarn sigur hjá tíu leikmönnum ÍBV

**FÓTBOLTI** Eyjamenn héldu toppsæti Pepsídeildarinnar með 2-1 sigri á andlausum Fylkismönnum. Sanngjarn vinnusigur og eftirtektarverður í ljósi þess að þeir hvítklæddu spiluðu einum færri í 60 mínútur.

Það voru Fylkismenn sem náðu foystunni með marki úr vítaspyrnu sem hafði verið dæmt eftir að Albert Sævarsson, markvörður Eyjamanna, braut á Jóhanni Þórhallssyni innan teigs.

Rautt spjald á Albert óumflýjanlegt og Jóhann kom Fylki yfir úr vítaspyrnunni. Þórarinn Ingi Valdimarsson jafnaði leikinn á síðustu andartökum fyrri hálfleiks eftir frábæra fyrirgjöf James Hurst. Það var svo James Hurst sem skoraði sigurmarkið á 76. mínútu.

Sigur Eyjamanna var sanngjarn enda lögðu þeir sig alla í verkefnið. Andleysið sveif hins vegar yfir vötnum hjá Fylkismönnum og frammistaða liðsins var varla sæmandi úrvalsdeildarliði og með spilamennsku sem þessari liggur leiðin einungis niður á við. Að lokinni 18. umferð halda Eyjamenn toppsætinu enn um sinn og má í raun krýna þá „gamaldags Íslandsmeistara“.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, gat ekki leynt gleði sinni eftir leik og hrósaði lærisveinum sínu í hástert. „Ég er gríðarlega sáttur við karakterinn í þessum strákum. Við lentum í mótlæti, hefðum getað fengið 2 til 3 vítaspyrnur og maður var farinn að halda að þetta yrði einn af þessum dögum þar sem þetta félli ekki með okkur.

Peyjarnir unnu sig vel út úr mótlætinu og ég er hrikalega sáttur við þá. Það er stemning í Eyjum núna og fram undan er mikilvægur leikur gegn KR. Ég geri ráð fyrir háværum og góðum stuðningi frá okkar fólki í þeim leik eins og raunin var í kvöld.“ **- ae**





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


**Fylkir 1-2 ÍBV**

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.764 — Einar Örn Daníelsson (8)

*1-0 Jóhann Þórhallsson, víti (32.)*
*1-1 Þórarinn Ingi Valdimarsson (45.)*
*1-2 James Hurst (76.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–13 (4–4) |
| Varin skot | Fjalar 2 – Albert 1, Elías 2 |
| Horn | 4–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–17 |
| Rangstöður | 1–2 |

| **FYLKIR** 4–5–1 | | **ÍBV** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 5 | Albert Sævarsson | 4 |
| Kristján Valdimarsson | 5 | Matt Garner | 6 |
| Valur Fannar Gíslason | 5 | Eiður Sigurbjörns. | 5 |
| Þórir Hannesson | 6 | Rasmus Christiansen | 6 |
| Kjartan Breiðdal | 6 | ***James Hurst** | **8** |
| Ásgeir Arnþórsson | 5 | Þórarinn Valdimars. | 7 |
| (66., Pape Faye | 4) | (76., Eyþór Birgis. | -) |
| Ásgeir B. Ásgeirsson | 4 | Andri Ólafsson | 7 |
| Ólafur Stígsson | 4 | Finnur Ólafsson | 6 |
| (46., Davíð Ásbjör. | 5) | Tony Mawejje | 5 |
| Andrés Jóhannesson | 4 | Tryggvi Guðmunds. | 7 |
| (82., Albert Ingason | -) | (89., Gauti Þorv. | -) |
| Ingimundur Óskars. | 4 | Denis Sytnik | 5 |
| Jóhann Þórhallsson | 6 | (30., Elías Stefáns. | 6) |

**Maður leiksins*

Haukar frábærir gegn Keflavík:

# Eiga enn von

**FÓTBOLTI** Þegar allir voru búnir að dæma Hauka niður í 1. deild hrökk liðið í gang. Haukar hafa nú unnið tvo leiki í röð en þeir lögðu Keflavík, 2-0, á laugardag.

Yfirburðir Hauka í leiknum voru talsverðir. Þeir hreinlega óðu í færum og hefðu hæglega getað skorað mun fleiri mörk. Þá sérstaklega Magnús Björgvinsson sem fékk fjölda góðra færa í leiknum.

Keflvíkingar voru að sama skapi heillum horfnir og það virðist eitthvað vera að í herbúðum liðsins.

Keflvíkingar verða að nýta landsleikjafríið til þess að vinna vel í sínum málum. Haukar eiga aftur á móti enn möguleika á að bjarga sér frá falli. **- hbg**

**Haukar 2-0 Keflavík**

Vodafonevöllur, áhorf.: 663 — Kristinn Jakobsson (6)

*1-0 Magnús Björgvinsson (24.)*
*2-0 Guðjón Pétur Lýðsson (59.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–10 (8–6) |
| Varin skot | Daði 4 – Lasse 5 |
| Horn | 2–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–12 |
| Rangstöður | 10–5 |

| **HAUKAR** 4–3–3 | | **KEFLA.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 8 | Lasse Jörgensen | 7 |
| Grétar Grétarsson | 6 | Guðjón Antoníusson | 4 |
| (89., Kristján Björns. | -) | Haraldur Guðmunds. | 4 |
| Daníel Einarsson | 7 | Bjarni Aðalsteins. | 4 |
| Jamie McCunnie | 8 | Alen Sutej | 5 |
| Gunnar Ásgeirsson | 7 | Einar Orri Einarsson | 2 |
| Ásgeir Ingólfsson | 7 | Hólmar Rúnarsson | 5 |
| ***Guðjón Lýðsson** | **8** | Guðm. Steinarsson | 4 |
| Arnar Gunnlaugsson | 6 | (66., Haukur Ingi | 6) |
| (84., Guðm. Mete | -) | Magnús Matthíasson | 6 |
| Hilmar Geir Eiðsson | 8 | (31., Jóhann Birnir | 6) |
| Úlfar Hrafn Pálsson | 7 | Magnús Þorsteins. | 3 |
| Magnús Björgvins. | 7 | (66., Brynjar Guðm. | 4) |
| (86., Alexand. Garcia | -) | Hörður Sveinsson | 2 |

**Maður leiksins*



**LÉTTIR** Rooney hafði ekki skorað mark í langan tíma fyrir leikinn í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Það var allt eftir bókinni í leikjum laugardagsins í ensku úrvalsdeildinni:

# Rooney fann loksins taktinn

**FÓTBOLTI** „Frammistaða hans stóð upp úr,“ sagði Sir Alex Ferguson um Wayne Rooney eftir að Manchester United vann West Ham 3-0 á laugardag. Sigur Rauðu djöflanna var síst of stór.

„Rooney naut þess í botn að spila fótbolta, hann var fullur af orku og fann gleðina á ný eftir að hafa ekki getað æft af krafti síðustu vikur,“ sagði Ferguson ánægður með sinn mann. Rooney kom United yfir úr vítaspyrnu áður en Nani og Dimitar Berbatov bættu við mörkum.

Draumabyrjun Chelsea á tímabilinu heldur áfram en liðið vann 2-0 sigur á Stoke. Þeir bláklæddu hafa unnið alla þrjá leiki sína örugglega.

„Það er ekki hægt að neita því að byrjunin er framar björtustu vonum. En við höfum enn ekki afrekað neitt, tímabilið er bara rétt nýbyrjað,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea.

Gary Neville, bakvörður Manchester United, gefur ekki mikið fyrir þessa byrjun Englandsmeistaranna. „Þetta kemur mér ekkert á óvart. Þeir hafa ekki enn leikið neinn erfiðan leik þannig séð. Það er ekki eins og þeir hafi verið að vinna Arsenal og Liverpool á útivöllum,“ sagði Neville sem er ekki vanur að liggja á skoðunum sínum.

Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, skellti sér á þrjá leiki á laugardaginn.

Þar á meðal var 2-1 sigurleikur Arsenal þar sem Theo Walcott svaraði gagnrýnisröddum og gerði gæfumuninn fyrir lið Arsene Wenger. **- egm**

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

ASTON VILLA - EVERTON 1-0
1-0 Luke Young (9.).

LIVERPOOL - WBA 1-0
1-0 Fernando Torres (65.)

SUNDERLAND - MAN. CITY 1-0
1-0 Darren Bent, víti (90.+4).

BOLTON - BIRMINGHAM 2-2
0-1 Roger Johnson (4.), 0-2Craif Gardner (50.), 1-2 Kevin Davies, víti (71.), 2-2 Robbie Blake (81.)

BLACKBURN ROVERS - ARSENAL 1-2
0-1 Theo Walcott (19.), 1-1 Mame Biram Diouf (26.), 1-2 Andrei Arshavin (50.).

BLACKPOOL - FULHAM 2-2
0-1 Bobby Zamora (34.), 2-1 Luke Varney (75.), 2-2 Dickson Etuhu (86.).

CHELSEA - STOKE CITY 2-0
1-0 Florent Malouda (31.), 2-0 Didier Drogba (76.).

MANCHESTER UNITED - WEST HAM 3-0
1-0 Wayne Rooney (32.), 2-0 Nani (49.), 3-0 Dimitar Berbatov (68.).

TOTTENHAM HOTSPUR - WIGAN ATHLETIC0-1
0-1 Hugo Rodallega (79.).

WOLVES - NEWCASTLE UNITED 1-1
1-0 Sylvan Ebanks-Blake (42.), 1-1 Andy Carroll (62.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **3** | **3** | **0** | **0** | **14-0** | **9** |
| Arsenal | 3 | 2 | 1 | 0 | 9-2 | 7 |
| **Man. United** | **3** | **2** | **1** | **0** | **8-2** | **7** |
| Aston Villa | 3 | 2 | 0 | 1 | 4-6 | 6 |
| **Bolton** | **3** | **1** | **2** | **0** | **5-3** | **5** |
| Birmingham | 3 | 1 | 2 | 0 | 6-5 | 5 |
| **Wolves** | **3** | **1** | **2** | **0** | **4-3** | **5** |
| Newcastle | 3 | 1 | 1 | 1 | 7-4 | 4 |
| **Man. City** | **3** | **1** | **1** | **1** | **3-1** | **4** |
| Sunderland | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 4 |
| **Tottenham** | **3** | **1** | **1** | **1** | **2-2** | **4** |
| Blackpool | 3 | 1 | 1 | 1 | 6-8 | 4 |
| **Liverpool** | **3** | **1** | **1** | **1** | **2-4** | **4** |
| Fulham | 3 | 0 | 3 | 0 | 4-4 | 3 |
| **Blackburn** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-4** | **3** |
| WBA | 3 | 1 | 0 | 2 | 1-7 | 3 |
| **Wigan Athletic** | **3** | **1** | **0** | **2** | **1-10** | **3** |
| Everton | 3 | 0 | 1 | 2 | 1-3 | 1 |
| **Stoke City** | **3** | **0** | **0** | **3** | **2-6** | **0** |
| West Ham | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-9 | 0 |



**KOMINN AFTUR** Torres var á skotskónum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Naumur sigur hjá Liverpool:

# Torres kom til bjargar

**FÓTBOLTI** Fernando Torres skoraði sitt fyrsta mark í langan tíma í gær er Liverpool marði sigur á WBA á heimavelli, 1-0. Markið hjá Torres í dag var númer 50 hjá honum fyrir Liverpool á Anfield.

Liverpool var ekki að leika vel í dag en munurinn lá í því að Liverpool á gæðamann eins og Torres en enginn slíkur maður er í hinu liðinu.

„Þetta var heimsklassaskot. Við getum þakkað Torres fyrir stigin í dag,“ sagði Roy Hodgson, stjóri Liverpool, en Torres skoraði með laglegu skoti fyrir utan teig. **- hbg**


bmvalla.is



**Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn**

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið



Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0513-2

## > Neil Patrick Harris

„Ef ég skrifaði söngleik yrði hann ekki um mig. Og þó, ég kann að galdra, þannig að söngleikurinn yrði líklegast um galdramann sem að hyrfi og kæmi svo aftur í ljós hvar og hvenær sem er.“

***Neil Patrick Harris nær nýjum hæðum í gamanþáttunum How I Met Your Mother, sem er á dagskrá Stöð 2 kl. 19.45.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON SAKNAR GAMALLA FÉLAGA

# *Ógleymanlegar nætur í Malibu*

Ég er mjög gefinn fyrir sjónvarpsþættina Strandverði. Ég ligg kannski ekki andvaka á hverri nóttu og rifja upp ævintýri Mitch Buchanan og alls hans slektis, en það kemur fyrir. Það var þó farið að örla á þreytu hjá mér og fleirum í garð þáttanna um miðbik tíunda áratugarins. Eftir sex þáttaraðir voru framleiðendurnir eðlilega að verða uppiskroppa með leiðir til að draga drukknandi menn úr sjó, svo tilbreytingar var þörf. Og það var því mikill hvalreki fyrir áhugafólk um lífið við strendur Kaliforníu þegar þáttaröðin Baywatch Nights hóf göngu sína.

Fyrir þá sem ekki muna þættina vel snerust þeir um einkaspjærastofu þeldökku fjórhjólalöggunnar Garners, sem fékk áðurnefndan Mitch til liðs við sig og með hjálp kvenkyns hörkutóls sem Angie Harmon túlkaði eftirminnilega réðu spæjararnir niðurlögum smyglara og ræningjagengja á hjólaskautum og leystu morðgátur með hinni hendinni á meðan. Þetta þótti mér athyglisvert sem ungum dreng. Ekki síst fór ég að örvænta um örlög Hoby Buchanan, fyrst faðir hans var strandvörður frá átta til fjögur og var síðan í lögguleik frá kvöldmat og fram undir morgun. Uppeldið hefur líklega setið á hakanum.




Eftir fyrstu seríu urðu framleiðendur varir við það að þess lags mixtúra af Colombo og Fimm-bókunum naut ekki nægrar hylli, og í ljósi gríðarlegra vinsælda nýrra þátta sem nefndust X-files var ákveðið að blása til sóknar. Í næstu þáttaröð fengum við því að fylgjast með hetjunum glíma við morðóðar amöbur, marbendla, frosna íslenska víkinga, vampírur, geimverur og tímaflakk án þess að þær kipptu sér sérstaklega mikið upp við það. Ég held að það sé rík ástæða til að skora á Pál Magnússon að endursýna þetta góða efni í sjónvarpi allra landsmanna.

## MÁNUDAGUR



▶ **18.00 Pokémon** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30 The Doctors** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.55 Síðustu forvöð** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Pepsímörkin** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.45 CSI: New York** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Frumkvöðlar - Jón H. Björnsson í Alaska** (2:3)

**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Grótta** (23:24)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Út í bláinn**

**18.00 Sammi** (22:52)

**18.07 Franklín** (3:13)

**18.30 Skúli skelfir** (9:52)

**18.40 Villiblómahöllin**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**19.55 Síðustu forvöð – Hvíti nashyrningurinn** (2:6) (Last Chance to See) Leikarinn góðkunni Stephen Fry ferðast um víða veröld og skoðar dýrategundir í útrýmingarhættu.

**21.00 Óvættir í mannslíki** (1:6) (Being Human) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur; varúlf, blóðsugu og draug sem búa saman í mannheimum.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta.

**23.05 Leitandinn** (8:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk ævintýraþáttaröð.

**23.50 Framtíðarleiftur** (17:22) (Flash Forward) (e)

**00.30 Kastljós** (e)

**00.50 Fréttir** (e)

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 My Blue Heaven**

**10.00 Reality Bites**

**12.00 Pokemon**

**14.00 My Blue Heaven**

**16.00 Reality Bites**

▶**18.00 Pokemon**

**20.00 Hot Rod**

**22.00 Half Nelson**

**00.00 Black Snake Moan**

**02.00 Grilled**

**04.00 Half Nelson**

**06.00 The Big Nothing**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakkarnir í næsta húsi

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:6)

**10.50 Cold Case** (14:22)

**11.45 Falcon Crest II** (12:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Frasier** (6:24)

**13.30 Samurai Girl - Book of the Shadow**

**15.00 ET Weekend**

**15.55 Saddle Club**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** Apaskólinn, Könnuðurinn Dóra

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (16:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (17:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (15:22)

**20.10 So You Think You Can Dance** (20:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 4 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram.

**21.35 So You Think You Can Dance** (21:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

**22.20 Torchwood** (9:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.

**23.15 Cougar Town** (11:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox.

**23.40 White Collar**

**00.25 Gavin and Stacy** (6:7)

**00.55 X-Files: Fight the Future**

**02.55 Samurai Girl - Book of the Shadow**

**04.20 Tsotsi** Magnþrungin kvikmynd um líf Tsotsi, ungs götugengisforingja í Johannesburg í Suður-Afríku.

**05.50 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Grindavík - Breiðablik** Sýnt frá leik Grindavíkur og Breiðabliks í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**12.55 The Barclays** -Útsending frá The Barclays mótinu í golfi.

**15.55 Grindavík - Breiðablik** Sýnt frá leik Grindavíkur og Breiðabliks í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**17.45 Pepsí deildin 2010** Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**20.00 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum í leikjum helgarinnar í spænska boltanum.

▶**21.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

**22.00 Pepsí deildin 2010** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**23.50 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Everton / HD** Sýnt frá ensku úrvalsdeildinni.

**15.00 Wolves - Newcastle** Sýnt frá ensku úrvalsdeildinni.

**16.50 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn ma láta framhjá sér fara.

**17.50 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**18.45 Football Legends - Puskas** Að þessu sinni verður fjallað um Ungverjann Ference Puskas.

**19.15 Liverpool - WBA** Sýnt frá ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**22.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

**22.30 Man. Utd. - West Ham / HD** Sýnt frá ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Dynasty** (22:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Dynasty** (23:30)

**17.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.15 Top Chef** (13:17) (e)

**19.00 Real Housewives of Orange County** (8.15) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.

**19.45 King of Queens** (13:13) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**20.10 Kitchen Nightmares** (5:13) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. Núna heimsækir hann Hot Potato Cafe í Fíladelfíu og er hissa þegar hann sér að eigendurnir hafa enga ástríðu fyrir því sem þeir eru að gera og eru að drepast úr neikvæðni.

**21.00 Three Rivers** (13:13) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.

▶**21.45 CSI: New York** (4:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Kona játar morð á ótrúum eiginmanni sínum en DNA sýni bendir til þess að hún sé að ljúga.

**22.35 Jay Leno**

**23.20 The Cleaner** (11:13) (e)

**00.05 In Plain Sight** (10:15) (e)

**00.50 Leverage** (2:15) (e)

**01.35 King of Queens** (13:13) (e)

**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldhús meistaranna** Maggi í eldhúsinu á Grand Hótel.

**20.30 Golf fyrir alla** Sjötta og sjöunda braut leiknar á Hamarsvelli.

**21.00 Frumkvöðlar** Gestir Elinóru Ingu eru ótrúlega snjallir.

**21.30 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvöru

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### So You Think You Can Dance

Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 4 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til að eiga möguleika á að halda áfram. Í seinni þætti kvöldsins kemur í ljós hvaða dansarar halda áfram í úrslitaþáttinn og eiga þar með von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Torchwood

### Stöð 2 kl. 22.20

Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa. Liðsmenn sveitarinnar eru gæddir sérstökum hæfileikum sem nýtast þeim vel í baráttu við ill öfl sem vilja mannkyninu mein.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Húslestrar á Listahátíð 2010
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**21.30** Kvöldsagan: Farkennarinn
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Girni, grúsk og gloríur
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

▶**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

**20.15 E.R.** (13:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Monk** (10:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

**22.35 Lie to Me** (12:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum.

**23.20 The Tudors** (6:8) Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda. Þótt Hinrik sé hvað kunnastur fyrir harðræði þá er hans ekki síður minnst fyrir kvennamálin.

**00.15 E.R.** (13:22)

**01.00 The Doctors**

**01.40 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** My Hero **13.05** My Hero **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** ,Allo ,Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** The Black Adder **18.00** QI **18.30** Lead Balloon **19.00** Little Britain **19.30** Judge John Deed **20.20** Little Britain **20.50** QI **21.20** Come Dine With Me **21.45** The Jonathan Ross Show **22.35** EastEnders **23.05** Torchwood **23.55** The Black Adder

## DR 1

**12.00** Den unge eneboer **12.30** Danmark ser grønt **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Emil fra Lønneberg **15.30** Stor &a Lille **15.40** Postmand Per **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Søren Ryge direkte **18.00** Camilla Läckbergs Ulykkesfuglen **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Miss Marple: En håndfuld rug **21.35** OBS **21.40** This is Hollywood **22.35** Naruto Uncut **23.00** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Toppform **13.00** NRK nyheter **13.10** Millionær i forkledning **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Puls **18.15** Takk for sist: Anders Bye & Jon Niklas Rønning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Garrows lov **20.30** Med spriten som følgesvenn **21.00** Kveldsnytt **21.15** Krøniken **22.15** Tre menn i en båt **23.10** Pakket og klart **23.40** Sport Jukeboks

## SVT 1

**12.25** Söder om landsvägen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Trädgårdsvandring med drottning Sonja **15.25** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010: Tom Alandh i Sverige **18.30** Kulörta lyktor **18.55** Folk **19.00** Kvalster **20.00** Virgin Suicides **21.35** Suzzie Tapper - jag har Parkinson **22.05** Hundra år med ångfartyget D/S Børøysund **22.35** Jobbcoacherna **23.35** Kriminalhistoriska berättelser




## MORGUNMATURINN



*Morgunmatur sigurvegarans eins og ég kalla hann: Lýsi og fjölvítamín. Ein skeið af Gold Standard 100% whey protein, 1 dl haframjöl, hálfur banani, vatn og klakar í blandarann.*

Sólmundur Hólm, rithöfundur og eftirherma.

# Boðið á Formúlu 1 í Singapúr

„Ég er mjög spennt en veit í rauninni ekkert svo mikið um þetta enn þá," segir Ingibjörg Egilsdóttir fegurðardrottning en henni hefur verið boðið að vera gestur á Formúlu 1-kappakstrinum sem fram fer í Singapúr 26. september næstkomandi. „Það var haft samband við mig fyrir stuttu og mér boðið að koma og vera þarna í nokkra daga," segir Ingibjörg og bætir við að hún hafi verið valin ásamt nokkrum öðrum stúlkum sem kepptu með henni í Miss Universe í fyrra.

„Ég er búin að staðfesta að ég ætla að koma en á eftir að fá dagskrána. Við förum allavega á keppnina sjálfa og svo á ég von á að það verði eitthvað um flott partí með rauða dreglinum og svona," segir Ingibjörg og viðurkennir að hún viti ekki nákvæmlega af hverju hún var valin til að taka þátt í þessu. „Nei, ég ætla samt að komast að því vegna þess að það var alls ekki öllum keppendunum boðið. Ég á von á að þetta verði rosalega gaman og mikill glamúr," fullyrðir Ingibjörg en ferðin er boðsferð og því enginn kostnaður fyrir hana.

En er Ingibjörg aðdáandi Formúlunnar? „Nei, ég veit eiginlega ekkert um hana. En ég hef núna smá tíma til að kynna mér þetta og lesa mér til um Singapúr og Formúluna." - áp



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**BOÐSGESTUR Á FORMÚLU-KAPPAKSTRI** Ingibjörg Egilsdóttir, fegurðardrottning og fyrirsæta, fer á Formúlu 1-kappaksturinn í Singapúr í lok september.



**LÁRÉTT**
**2.** stækkuðu, **6.** hljóm, **8.** sjór, **9.** prjónavarningur, **11.** gjaldmiðill, **12.** fugl, **14.** bragðbætir, **16.** berist til, **17.** nudda, **18.** eyrir, **20.** ryk, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lýð, **3.** umhverfis, **4.** páfagaukur, **5.** dýrahljóð, **7.** auðkenndur, **10.** áverki, **13.** stofn, **15.** hefðarkona, **16.** hryggur, **19.** óreiða.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** juku, **6.** óm, **8.** mar, **9.** les, **11.** kr, **12.** kráka, **14.** krydd, **16.** bt, **17.** núa, **18.** aur, **20.** im, **21.** krús.
**LÓÐRÉTT: 1.** fólk, **3.** um, **4.** kakadúi, **5.** urr, **7.** merktur, **10.** sár, **13.** kyn, **15.** dama, **16.** bak, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. D'Angleterre.
2. Sundlaugin.
3. 33.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

GUÐNI MÁR HARÐARSON: ROSALEGA STOLTUR AF ÞESSU VERKEFNI

# Sunnudagaskólinn kemur út á mynddiski fyrir jólin

„Ég er rosalega stoltur af þessu verkefni," segir Guðni Már Harðarson, prestur í Lindakirkju.

Undanfarna mánuði hafa Guðni Már og Guðmundur Karl Brynjarsson, prestar í Lindakirkju, ásamt Þorleifi Einarssyni, leiklistarnema og sunnudagaskólakennara, og fleiri reyndra sunnudagaskólakennara þjóðkirkjunnar, unnið við handritaskrif að sunnudagaskólaefni fyrir börn. Afraksturinn kemur út á DVD-mynddiski í nóvember. Í aðalhlutverkum eru þau Hafdís og Klemmi sem lenda í ýmsum skemmtilegum ævintýrum áður en þau fara í sunnudagaskólann. Leikarinn Jóel Sæmundsson og Hafdís Matsdóttir, sunnudagaskólakennari í Lindakirkju, fara með hlutverk þeirra.

„Þetta er mjög stórt verkefni. Það hafa um eitt hundrað manns komið að þessu og við erum búin að vera að taka þetta upp í allt sumar," segir Guðni Már. „Við erum búin að leggja mikla vinnu í þetta." Diskurinn inniheldur rúmlega hundrað mínútur af efni í fjórum þáttum, tuttugu sunnudagaskólalög í hressilegum búningi, brúður og gamanmál, auk bæna, biblíuversa og fjögurra af þekktustu dæmisögum Krists.

Við handritaskrifin var þeirri meginreglu fylgt að hafa efnið grípandi með stuttum og snöggum myndskeiðum eins og barnaefni nútímans er framleitt. Í hverjum þætti er sýndur brúðuþáttur í prúðuleikarastíl sem Þorleifur Einarsson hannaði en brúðurnar koma jafnframt frá sér biblíusögu dagsins á skemmtilegan hátt með fallegum myndum.

Með útgáfunni vilja prestarnir koma betur til móts við þann stóra hóp foreldra sem vill kenna börnunum sínum kristin gildi með nútíma aðferðum. „Þetta er gert bæði af þörf og svo man ég að biskup hvatti til þess fyrir einu og hálfu ári í ræðu sinni að kirkjan yrði að fara að gefa út líka á DVD, ekki bara koma boðskap til barnanna í gegnum sunnudagaskólann," segir Guðni Már, spenntur fyrir útgáfunni. freyr@frettabladid.is



**MYNDDISKUR Á LEIÐINNI**
**Hafdís** og **Klemmi** lenda í hinum ýmsu ævintýrum á mynddisknum sem **Guðni Már Harðarson** og félagar eru með í undirbúningi. **Nebbi** brúðufréttamaður kemur einnig við sögu.
MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sigrúnu Stefánsdóttur**, dagskrárstjóra RÚV, hlýtur að hafa verið létt þegar henni tókst að sannfæra Guðjón Davíð Karlsson, Góa, um að taka við sjónvarpstímanum af Spaugstofunni. Laugardagskvöld eru vinsælustu sjónvarpskvöld RÚV en það er nokkuð ljóst að Guðjón sjálfur mun ekki hafa tækifæri til að sjá þáttinn í fyrstu sýningu, allavega ekki til að byrja með.



**Guðjón Davíð** leikur nefnilega Orm Óðinsson í Gauragangi sem fer aftur á fjalirnar í byrjun september. Þær sýningar verða á föstudags- og laugardagskvöldum klukkan 20, á svipuðum tíma og Spaugstofan var í loftinu og væntanlega einnig nýi skemmtiþátturinn. Samkvæmt dagatali Borgarleikhússins munu þær sýningar standa langt fram í nóvember. Guðjón verður síðan einnig í stóru hlutverki í Fólkinu í kjallaranum sem verður frumsýnt á Nýja sviðinu í október og svo mun hann leika aðalhlutverkið í Nei, ráðherra sem verður tekið til sýningar um miðjan febrúar.



Á tónlistarvefnum Pitchfork er nú að finna fimmtíu bestu tónlistarmyndbönd 10. áratugar síðustu aldar. Og það kemur kannski engum á óvart að **Björk Guðmundsdóttir** skuli eiga sína fulltrúa þar enda var hún öflug í myndbandagerð á þeim tíma. Myndböndin All is Full of Love og Bachelorette ná bæði inn á topp tíu-listann hjá vefnum en besta myndbandið þótti vera Come to Daddy með Aphex Twin frá 1997. - fgg






Krakkajóga

**Ný krakkajóganámskeið að hefjast hjá Jóga stúdíó.**

Mánudagar 2-4 ára klukkan 16:30
Miðvikudagar 5-7 ára klukkan 16:30
Fimmtudagar 8-12 ára klukkan 16:30

**Nánari upplýsingar og skráning á jogastudio.is. Einnig hægt að skrá í síma 772-1025 Ágústa og 695-8464 Drífa.**

JÓGA Stúdíó
Seljavegi 2, gamla Héðinshúsinu, við hliðina á Loftkastalanum


# Djörf Ilmur vekur athygli

Kynningarmyndir af Ilmi Kristjánsdóttur í hlutverki Heddu Gabler í samnefndu leikriti sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í mars hafa vakið mikla athygli.

Myndirnar af Ilmi eru djarfari en íslenskir leikhúsgestir eiga að venjast, enda er hlutverkið þess eðlis. Verkið, sem er eftir Henrik Ibsen, er frá 19. öld og fjallar um Heddu Gabler sem er nýgift og býr í flottu einbýlishúsi. Fljótlega missir hún tökin á tilverunni með ófyrirséðum afleiðingum. Til stendur að fara óhefðbundnar leiðir við kynningu verksins og svo gæti farið að myndirnar af Ilmi verði meðal annars hengdar upp í tískubúðum borgarinnar.

Hlutverk Heddu Gabler er mjög eftirsótt meðal leikkvenna og hefur því verið lýst sem kvenkyns útgáfunni af Hamlet. Kemur því ekki á óvart að margar af þekktustu leikkonum heimsins hafa farið með hlutverk Gabler í gegnum tíðina. Nægir þar að nefna Ingrid Bergman, Cate Blanchett, Judy Davis og Annette Bening. Núna hefur Ilmur bæst í þeirra hóp.

Ilmur mun standa í ströngu á þessum leikvetri því hún fer með aðalhlutverkið í öðru stóru verki, Fólkinu í kjallaranum, sem er byggt á samnefndri bók Auðar Jónsdóttur. Fyrir vikið þarf hún að hætta leik sínum sem Jón Grindvíkingur í Íslandsklukkunni en það fer aftur á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu á næstunni með Brynhildi Guðjónsdóttur í hlutverki Grindvíkingsins. - fb

**HEDDA GABLER** Ilmur Kristjánsdóttir í hlutverki Heddu Gabler í samnefndu leikriti Þjóðleikhússins.



# Sportklúbburinn

## 12 mánaða líkamsræktarkort í Sporthúsinu á aðeins 5.200 kr. á mánuði

+ **Frítt í allar ÍTR sundlaugar**

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ
kiddi@sporthusid.is s: 7714010
rikki@sporthusid.is s: 7714001

+ **100.000 kr. kaupauki frá eftirfarandi aðilum**

BK Kjúklingur · Salatbarinn · Saffran · Tennishöllin Kópavogi · Lýsi · serrano · Sportsól · maður lifandi · Players Kópavogi · Frí barnagæsla · Fitumæling & prógram · ÍTR sundlaugar · 10 tímar í skvass · Hair Doo

**Hausttímatafla Sporthússins** tekur gildi í dag mánudaginn 30. ágúst
Yfir 70 opnir hóptímar í boði á viku!
Kannaðu málið á www.sporthusid.is






TRX
Ketilbjöllur
Hot Yoga
Fit Pilates
Spinning
Iron Spinning
Power Spinning
Tabata
RPM

Body Pump
Body Combat
Body Balance
PowerBurn
CrossFit
Pallatíma
Fimleikaþrek
Áskorun

Þú finnur þetta og svo miklu meira í Sporthúsinu!






**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla
DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Skýrslan snýr aftur

Búast má við umræðu um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis næstu árin. Brátt lýkur þingnefnd um hana verki á næstunni, sem kann að þýða að landsdómur verður kallaður saman. En úr Háskóla Íslands kann einnig að koma frekari umfjöllun um skýrsluna. **Ólafur Þ. Harðarson**, prófessor og forseti félagsvísindadeildar Háskólans, tók á móti nýjum meistaranemum við athöfn í Háskólabíói í vikunni. Ólafur sagði að nú gætu nemarnir farið að stunda alvöru rannsóknir. Hann tók sérstaklega fram að tilvalið væri fyrir félagsvísindafólk, til dæmis stjórnmálafræðinema, að glugga í rannsóknarskýrslu Alþingis og skrifa um hana eins og eitt stykki meistararitgerð. Því getur farið svo að eftir ekki svo mörg ár brjótist skýrslan aftur fram í öllu sínu veldi.



### Sjónvarpsþáttur á fjölunum

Nýlega var greint frá því að útvarpsþátturinn Orð skulu standa myndi öðlast framtíðarlíf á litla sviði Borgarleikhússins. Af fingrum fram, sem eitt sinn var á dagskrá Sjónvarpsins, hefur einnig öðlast nýtt líf í Salnum, Kópavogi, og hefur fjöldi góðra gesta lagt leið sína þangað. Jón Ólafsson hyggst setjast aftur við píanóið í vetur og gestir hans verða stórstjörnur á borð við Egil Ólafsson, **Gunnar Þórðarson** og Pál Óskar Hjálmtýsson.



- kóþ, fgg

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Dánarorsökin enn óljós
2. Lögreglan endurgreiddi dópsmyglara eina milljón auk vaxta
3. Gunnar Rúnar hafður í einangrun
4. Höfðu afskipti vegna hávaða í heimahúsum
5. Von á miklu mannlífi í Hafnarstræti

Gæludýradagar alla vikuna ;-)

LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri

RISA ÚTSALA REKKJUNNAR
40% AFSLÁTTUR!
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 159.451 kr.
NÚ 95.671 kr.
30-70% AFSLÁTTUR!

COMFORT solutions®
By King Koil®
HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR
King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 112 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).
Good Housekeeping Promises
FCER
rekkjan HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16
Augl. 090810